

# Héraðsdómur Vesturlands

Dómur 11. júlí 2022

Mál nr. E-126/2020:

## Stykkishólmskirkja

(Ólafur Björnsson lögmaður)

### gegn

Jóni Thors, Ástu Ingunni Thors, Eddu Thors, Hildi Thors, Eggerti Kjartanssni, Dreisam ehf., Múlavirkjun hf., Magnúsi Elíassyni, Erlu Elíasdóttur, Elíasi Fells Elíassyni,

(Guðjón Ármannsson lögmaður)

Borghildi Gunnarsdóttur, Jens Jóhannssyni, Kristjáni Má Magnússyni, Ingi-björgu Magnúsdóttur, Helgu Guðjónsdóttur, Jóhanni M. Kristjánssyni, Sveini Magnússyni, Ingibjörgu Sveinu Þórisdóttur, Ingibjörgu Þórðardóttur, Svövu Guðrúnu Margrétardóttur, Einari Birni Þórði Þórisyni, Sigfúsi Axfjörð Gunnarssyni, Hafdís Lind Hafsteinsdóttur, Jóhönnu Borghildi Magnúsdóttur og Birgitte Möhl

(enginn)

## Dómur

Mál þetta var höfðað 4. maí 2020 og tekið til dóms 14. júní 2022. Stefnandi er Stykkishólmskirkja, Stykkishólmsbæ. Stefnu eru Jón Thors, Miðleiti 5, Reykjavík, og Ásta Ingunn Thors, Skúlagötu 20, Reykjavík, eigendur jarðanna Selvalla, landnúmer 136958, og Hraunsfjarðar, landnúmer 136942, í Helgafellssveit.

Edda Thors, Hlíðargerði 12, Reykjavík, og Hildur Thors, Austurhofi 2, Flúðum, eigendur jarðarinnar Horns, landnúmer 136939, í Helgafellssveit.

Eggert Kjartansson, Hofsstöðum Eyja- og Miklaholtshreppi, eigandi jarðarinnar Hofstaða, landnúmer 136142, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Dreisam ehf., Hellusundi 6, Reykjavík, eigandi jarðarinnar Dals, landnúmer 136126 í Eyja- og Miklaholtshreppi. Fyrirsvarsmaður félagsins er Jónas Hagan Guðmundsson, Fjölnisvegi 9, Reykjavík.

Múlavirkjun hf., Hofsstöðum, Stykkishólmi, eigandi jarðarinnar Elliða í Snæfellsbæ, landnúmer 136203. Fyrirsvarsmaður félagsins er Benedikt Einarsson, Bakkaföt 3, Garðabæ.

Magnús Elíasson, Álfaskeiði 107, 220 Hafnarfirði, Erla Elíasdóttir, Sólheimum 23, Reykjavík, og Elías Fells Elíasson, Sléttuvegi 31, Reykjavík, eigendur jarðarinnar Ytra-Lágafells, landnúmer 136148, í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Borghildur Gunnarsdóttir, Stangarholti 7, Reykjavík, Jens Jóhannsson, Engjaseli 71, Reykjavík, Kristján Már Magnússon, Rauðumýri 18, Akureyri, Ingibjörg Magnúsdóttir, Holtsvegi 51, Garðabæ, Helga Guðjónsdóttir, Grettisgötu 96, Reykjavík, Jóhann M. Kristjánsson, Mýrarbraut 31, Blönduósi, Sveinn Magnússon, Löngufit 8, Garðabæ, Ingibjörg Sveina Þórisdóttir, Syðra-Lágafelli, lóð 15, Stykkishólmi, Ingibjörg Þórðardóttir, Kvíaholti 25, Borgarnesi, Svava Guðrún Margrétardóttir, Trönuhjalla 3, Kópavogi, Einar Björn Þórður Þórisson, Kvíaholti 25, Borgarnesi, Sigfús Axfjörð Gunnarsson, Krummahólum 7, Reykjavík, Hafdís Lind Hafsteinsdóttir, Sæunnargötu 6, Borgarnesi, Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir, Laugabólslandi, Mosfellsbæ, og Birgitte Möhl, Esthersvej 14D, Hellerup, Danmörku, öll eigendur jarðarinnar Syðra-Lágafells 1, landnúmer 136165, í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að rétt landamerki jarðarinnar Baulárvalla, í Eyja- og Miklaholtshreppi, gagnvart aðliggjandi jörðum séu samkvæmt útmælingargjörð fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 1847 með eftirfarandi hætti:

Í landsuður ræður Urðarmúlahorn, (punktur 1) sem næst skagar Straumfjarðará, og eftir sem brún hans (Urðarmúla) ræður (punktur 2-5), til stefnunnar á klettahnúk er kallast Stakkur, sem er í hádegisstað frá bænum (punktur 6). Þaðan í vestur í vörðu þá, sem stendur á borg þeirri er nú kallast Söðulsborg (punktur 7). Þaðan í einstakan stóran stein, sem stendur á landsuðursíðu Norðurmúla (Moldarmúla) (punktur 8). Þaðan sjónhending vestur á efstu fossa (punktur 9), sem falla frá fjöllum, í austari Breiðadalsbotna. Þaðan í vörðu, sem stendur á klettaborg, kippkorn fyrir austan Hvanngil (punktur 10), og svo í gilið (punktur 11). Síðan ræður Hvanngil, sem rennur ofan eftir svokölluðum Austari-Breiðdal, landi í vesturátt, uns það fellur í Hraunsfjarðarvatn. Þaðan sjónhending yfir Vatnshornið í Útnorðurshorn á Vatnafelli (punktur 12). Þaðan frá til norðurs í vörðu á grjótborg þeirri er kallast Kista (punktur 13). Síðan ráða vörður fyrir norðri til austurs (punktur 14-15), eftir Vatnahryggnum að Rauðalæk, og þaðan austur eftir Vatnamýrabrekkum í Stóru-Vörðu (punktur 16), sem stendur á brekknabruninni, þar sem fyrst hallar vötnum til landsuðurs, ofan að Dugfúsdal, og svo úr téðri vörðu sjónhending til

suðurs í fyrstnefnt Urðarmúlahorn (punktur 1). Á öllum framannefndum örnefnum eru vörður hlaðnar.

Stefnandi krefst greiðslu málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu Jóni Thors, Ástu Ingunni Thors, Eddu Thors, Hildi Thors, Eggerti Kjartanssyni, Dreisam ehf., Múlavirkjun hf., Magnúsi Elíassyni, Erlu Elíasdóttur og Elíasi Fells Elíassyni.

Eigendur Syðra-Lágafells 1 samþykkja dómkröfur stefnanda og hafa ekki tekið til varna, stefnandi gerir ekki kröfu um málskostnað úr þeirra hendi.

Aðrir stefndu kröfðust þess upphaflega að málinu yrði aðallega vísað frá dómi en til vara sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Með úrskurði héraðsdóms sem kveðinn var upp 16. júní 2021 var hafnað kröfu stefndu Jóns Thors, Ástu Ingunnar Thors, Eddu Thors, Hildar Thors, Eggerts Kjartanssonar, Dreisam ehf., Múlavirkjunar hf., Magnúsar Elíassonar, Erlu Elíasdóttur og Elíasar Fells Elíassonar um að málinu yrði vísað frá dómi. Nýr dómstjóri var skipaður við Héraðsdóm Vesturlands 1. september 2021 en með úrskurði 2. september 2021 vék hann sæti vegna vanhæfis.

Dómari tók við meðferð málsins 2. september 2021 en hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

### *Málsatvik*

Mál þetta á rót að rekja til áforma um að stofna til nýbýlis, Baulárvalla, sem staðsett skyldi vera við Baulárvallavatn á Snæfellsnesi sem er staðsett uppi á miðjum Snæfellsnesfjallgarði í hvilft mikilli sem þar er. Til þessa nýbýlis var stofnað með vísan til svonefndrar Nýbýlatilskipunar sem gefin hafði verið út 15. apríl 1776: *Forordning um fríheit fyrir þá, sem vilja upp taka eyði-jarðir eða óbyggð pláz á Íslandi* – eins og hún hét á íslensku með þeirrar tíðar rithætti. Tilefni þessarar tilskipunar var mikill mannfellir sem orðið hafði á 18. öldinni vegna margs konar harðinda þannig að jarðir og byggðarlög hafi lagst í eyði. Markmiðið með tilskipuninni var samkvæmt aðfaraorðum að freista þess að koma jörðum sem farið höfðu í eyði í byggð á ný til þess að auka landnýtingu og stuðla að fólksfjölgun á ný.

Grímur Pálsson prófastur á Helgafelli, sem einnig er nefndur Paulsson í sumum af fyrirliggjandi dómskjölum, ritaði sveitungum sínum og hreppsnefnd í Helgafellssveit bréf 9. desember 1822 þar sem hann gerði grein fyrir nýtingu sinni á Baulárvöllum til heysláttu og sauðfjárhalds til að bregðast við litlum grasvexti sumarið 1821 og gat um

að hann hefði frá þeim tíma haldið fé þar vetrarlangt og byggt yfir það og þrjár eða fjórar manneskjur til að annast um sauðféið.

Bændur í suðurhluta Staðarsveitar og Miklaholtshreppi rituðu minnisgrein (Pró Memoría) 20. desember 1822 af þessu tilefni og gerðu meðal annars athugasemd við að prófastur hafi í *venjulegu og frá aldaóðli brúkudu upprekstrar plátsi Baulárvöllum svo kölludu bigt Bæ, án allra þeirra vitundar sem þar upprekstur átti og voru þá búinir ad reka þáנגad sitt géldfé hvar firer fé manna tvístradist víds vegar venju frammar sem orsakadi slæmar heimtir ördugri og leingri gaungur med fleirum þar af leidandi óhægðumm, og þess vegna eru allir undirskrifadir hædst óánægdir med þetta prófastsins firir tæki. [...] Því jafnvel þó kóngleg forordning leifi ad bigga Bili á afréttumm þá er spursmál þeirra er ádur nefnda forordning hvörki séd eda heitt hafa hvört hún leifi ad bigga þar sem sveitar menn taka skada vid og án þeirra samþickis og vilja.*

Á grundvelli amtskipunar frá 20. maí 1823 var í samræmi við skriflega ósk Gríms Paulssonar veitt heimild til að mæla út *land til nýblís í eydibigdinni Baulárvöllum* til Gríms prófasts á Helgafelli. Útmælingin fór fram fyrir útmælingarétti 7. júlí 1823 og var framkvæmd undir stjórn sýslumanns af fjórum tilkvöddum útmælingarmönnum sem unnu eið að því að vinna það eftir bestu samvisku. Svonefndir nábylismenn við eyðijörðina (eydiplátsed) Baulárvelli, sem svo var kölluð, voru boðaðir skriflega til að mæta. Tilgreint er í endurriti réttarins að fimm menn hafi mætt, þar á meðal þrír sem voru ábúendur jarðanna Elliða, Dals og Horns sem dómkrafa stefnanda lýtur meðal annarra að. Bókað var um athugasemdir þeirra sem lutu að því að jarðir þær sem þeir bjuggu á ættu land að Baulárvallavatni sem færðar voru fram ýmist munnlega eða skriflega og þeim við svo búið hafnað á þeirri forsendu að ábúendurnir höfðu ekki skriflegt löggilt sönnunargögn undir höndum (skriflegt autentískt bevis).

Fyrir liggur að óumdeilt er að jarðirnar sem um ræðir sem nábylisjarðir voru flestar í eigu konungs á þessum tíma og að umboðsmanni konungs var ekki gefinn kostur á að gæta hagsmuna konungs við þetta tækifæri. Jarðirnar Hraunsfjörður, Selvellir og Horn í Helgafellssveit, jarðirnar Dalur, Syðra-Lágafell og Ytra-Lágafell í Eyja- og Miklaholtshreppi og Elliði í Staðarsveit, nú Snæfellsbæ voru allar konungsjarðir á þessum tíma.

Að framangreindum mótmælum afgreiddum fór útmæling útmælingarmanna fram og merki jarðarinnar tilgreind:

*Í landsudur rædur Urdarmúlahorn, sem nærst skagar Straumfiardará og eptir sem Brún hanns rædur til utsudurs í Klettahnúk þann er kallast Stackur - sem er í Hádegisstad*

*ad siá frá bærstædinu, þadan í vestur i vördu þá sem nefnist Södulsborg, þadan í einstakan stórann Stein sem stendur á landsudurs Sidu Moldarmúla, þadan Sionhending vestur í efstu Fossa, sem falla frá Fiöllum í austari Breiddaldbotna. Þadan í vördu sem stendur á Klettaborg kippkorn austan Hvanngil, og svo í Gilid. Sidan rædur Hvanngil, sem rennur ofaneptir sokolludum vestari Breiddal landi fyrir vesturátt uns það fellur í Hraunsfjardarvatn þadan Siónehending yfir Vatnshorned í Utnordurs horn á Vatnafelli, þadan frá til nordurs i vördu á Griótborg þeirri er kallast Kista. Sídan ráða vordur fyrir nordri til austur eptir Vatnahryggium ad Raudalæk, og þadan austur eptir Vatnamýrar Breckum í stóra vördu er stendur á Breckna brúninni þar sem fyrst hallar vötum til Landsudurs ofan ad Dugfúsadal og svo úr tjédri vordu Sionhending til Sudurs í ádurnefnt Urdarmúla horn.*

Óumdeilt er að fyrir þann tíma sem útmæling þessi fór fram eru engar upplýsingar fyrirbyggjandi um að búskapur hafi verið stundaður á Baulárvöllum eða að jörðin hafi áður verið afmörkuð. Grímur Pálsson, prófastur á Helgafelli, fékk útgefið byggingarbréf af amtmanni Vesturamtsins 13. ágúst 1823 *med ollum þeim Rettugheitum sem forord. af 15da apr. 1776 tilseigir þeim mönnum sem uppbyggja nybili.* Byggingarbréf þetta var lesið upp á manntalsþingi að Saurum 28. maí 1824 og innfært í veðsetninga- og bréfabók Snæfellsnessýslu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um að Grímur prófastur hafi nokkru sinni búið eða staðið fyrir búrekstri að Baulárvöllum að undanskildu því tímabili sem fjallað var um í bréfi hans 9. desember 1822 og fyrrgreindri minnisgrein bænda frá 20. desember sama ár. Grímur Pálsson prófastur fékk þinglesið tilboð á manntalsþingi 28. júní 1828 þar sem hann bauð nýbýlið Baulárvelli til eignar eða ábýlis en bókað var að enginn hefði tekið tilboðinu í það skiptið. Grímur var samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja annar eigenda jarðarinnar frá 1823 til 1844 er Arnfinnur Arnfinnson sem þá bjó á Ytra-Lágafelli varð einn eigandi jarðarinnar.

Ári áður en Arnfinnur eignaðist jörðina einn skrifuðu hreppstjórar og bændur í Vesturamtinu bréf vegna Baulárvalla til sýslumanns í aðdraganda manntalsþings sem dagsett er 27. maí 1843. Gerð er grein fyrir bréfinu í úrskurði óbyggðanefndar frá 15. ágúst 2019 sem er meðal dómskjala. Í bréfinu er rakið það óhagræði sem bændur töldu vera af nýlbýlinu að Baulárvöllum sem til hefði verði stofnað í samræmi við ósk Gríms prófasts *þvert á móti vilja flestra hlutadeiganda í kríngumliggjandi sveitum, Stadarsveit, Miklaholtshrepp, og Helgafellssveit. Sérhvör heilvitamadur í tédum sveitum sé sumsé*

*strax fyrirfram, hvílíkt skadræði að Byggíng þessi á Baularvöllum yrði fyrir alla og óborna í nálægum sveitum, þar sem Baularvellir, eins og alkunnugt er, hartnær má heita sá eini grasblettur á fjallhriggnum milli sveita þessara, sem að gagni er til afréttar. Eystri hluti Stadarsveitar misti þarver algjörlega svo að kalla afrétt sína, því honum tilheyrði eiginlega Baularvellir, [...] og líka flæmist sökum stigdarinnar frá Baularvöllum, strax fé þeirra, er reka þángad, hínagð ofaní Helgafellssveit, til óreiðkanlegs skada bæði fyrir þá, er það eiga, og hana, er ágóng þennan þola meiga, en það eru allir bæir frá Arnabotni innad Drápuhlid, sem land eiga upp að fjalli, hvar búsmali þeirra gengur á sumrum; málnytán er mikid minni sökum ágóngsins og urdsins af fjalla fénu, og í ruglín þennann tínist tíðum mörg ærin, og er þá búid mjólkurgagn hennar þar sumarid, [...]. Jnnsveitarmenn í Helgafellssveit verða og fyrir sama tjóninu af Baularvalla byggíngunni, þó þar sé ei beinlínis, heldur stendur svo á því, að allir sem fá, og sumir kannskí leyfislaut reka géldfé sitt á fjall því, sem eirnig er lítid, en af því ofsett er í hagana, hleypur það fljótt ofan aptur, og saman við búféid, fá þeir því lítt tjón og hinir.*

*Þannig er það næstum öll Helgafellssveit, sem lídur óbætanlegan skada við bygdina á Baularvöllum, og að líku skapi Miklaholtshreppur, og eystri hluti Stadarsveitar, þó ei hinir síðarnefndu, nema máské fáir bæir í Miklaholtshrepp, á málnytunni, og þannig má það augljóst virdast, hvílíkt skadræði ekki einasta við Helgafellíngar, heldur og hinar adrar nefndu sveitir líða við bygd þessa; og hvör er nú á hina síðuna ávöxturinn af bygd á Baularvöllum fyrir ábúandan þar sjálfan, eða sveitarfélagid. Reynslan hefir sýnt það best. Sira Grímur, sem stofnadi nýbýlid héldt nokkra stund við, og reyndi með ymsu móti að nota Baularvelli, en hætti þó bráðum, og við höldum þar sé öllum kunnugt, eptir þar, hann hafdi bodid þann skada af því fyrirtæki, hvörs hann aldrei bætur bíður. Svo komu þángad ymsir ábúendur, sem stundum voru 1 eða 2 ár, fóru svo í burtu aptur, og þóktust góðu bættir, að géta slórt þar fram á vorid, eða flosnudu upp, eins og Jón heitin Brinjúlfsson. [...]*

*Og til þess nú að þvílíkt býli skyldi framvegis viðhaldast hvar, að allra vitni, sem vit á hafa, bóndi aldrei gétur þrifist, sem bóndi, til þess skyldu bændur og húsfedur í sveitum líða árlega óbætanlegt tjón, bæði á búsmala sínum og géldfé? gétur það þenkst, að vera tilgáingur hins gódgjarna löggjafara? En – hvað sem um það er, bygd var sett á Baularvöllum, sem sagt 1823, og land þar útmælt eptir bæði amtsins, bygdu á tilskipuninni um nýbúli, og er ei frammar þar um að tala; en mörgum, nú fullordnum mun þó í barnsminni svo stránglega þá var fylgt bókstaf Tilskipunar þessarar, til að reka*

mótmæli bænda, einkum Stadarsveitunga, sem þá stóðu mest á móti nýbílínu. En – einsog bygðin var þannig sett, og landid úmælt, ad bodi yfirvaldsins eptir optáminstri Tilskipan, þannig virdist okkur sem þar sé nú eirrig skylda sama yfirvalds, amtsins, ad láta Sýslumanninn, med tilteknum mönnum skada, hvört allt er gért vid nýbíli þetta, sem þessi hin sama Tilskipan sinntar, edur réttara sagt: hvört nokkru því sé þar fullnægt, sem hún krefur, ad vid nýbíli sé gjört, til þess þad, eptir 20 ár, géti komist í tölu annara jarda, og gengid, sem prívat eign, mann frá manni, og þad því heldur, sem þad er alkunnugt, ad nybílid Baularvellir hefjir tíðum verid í eyði á þessum 20 árum, og síðan Sira Grímur slepti búi þar, þángad til Sgr Jónas kom þángad, optast verid sóða- og trassalega setid af flestum hinum, sem þar hafa hángid vid hús, einsog allt þar sýnir sig sjálfs, ad eg undantaki byggíngar Jónasar, því ekkért tún gétur þar heitid, því síður ad túngardur sé þar komin, sem Tilskipunin þó heimtar, auk alls annars. Eptir okkar meiníngu gétr ei ábúandi nybílis öðlast eignarrétt þess, nema med sífeldri, rækslusamri og alúdarfullri ábúd þess, samtengt í 20 ár, ad hvörjum lidnum hann og hafí girdíngu fullgilda kríngum túnid, þad sjálft vel ræktad í góðu standi, og hafí þess utan sýnt hvörja adra jardarrækt; þetta virdist okkur sé þad, sem af hönum á, og hlýtur ad krefjast, vilji hann verda eigandi nýbílisins, því útmælingin veitir honum ei eignarrétt, heldur tækifæri til eignarréttar, því – ad okkar meiníngu – á þad ad vera dugnadur og atorka sjálfs hans, sem þannig gérir hann ad jardeigandi manni. En – ekkert af þessu hefjir sést á Baularvöllum og fyrst yfirvaldid vard ad hlyda Tilsk: í því ad láta mæla landid út, þá óskad var, þótt þar væri svo ótalmörgum til skada, þá virdist ockur þar og sjálfsagt, ad hid sama yfirvald, eins á hina síðuna, heimti allt þetta af ábúendum Baularvalla, sem nú vilja eignast þá, og sannist þad, ad þad hafí ei verid í té látid, ad þar þá og eirrig frelsi almenníng vid ólífjan þessa, bygðina á Baularvöllum, því margt hvad þúngbært, sem verdi ad vera, hvílir samt á almenníngi, þó nýbíli þetta gáangi undan. Sökum hins framansagda krefjum vid undirskrifadir, okkar og annara vidkomandi Helgfellínga vegna: ad Vesturamtid Láti nú í sumar hid fyrsta á kostnad almenníngs nefnda skodunargjörd yfir nýbílínu Baularvöllum fyrirtaka, sem og uppáleggi Sýslumanninum, samkvæmt henni, med dóms atkvædi, ad ákvarda: hvört nýbíli þetta hér eptir skuli álitast sem hvör önnur bygd jörd, med egindómsrétti, eda þad, sökum trassalegrar ábúdar og annars fleira mist hafí nybílisrétt sinn. Og vonum vid, ad ockur verdi ei neitad þessarar sanngjörnu, almanna heill vardandi kröfu.

Sýslumaður ritaði amtmanni í kjölfar framangreinds erindis bréf 8. ágúst 1843 á dönsku sem dóminum er unnt að þýða, sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og bar þar upp það álitaefni hvort efni stæðu til að afturkalla nýbýlisréttindi þau sem veitt hefðu verið Grími Pálssyni prófasti þar sem þeir sem staðið hefðu fyrir rekstri nýbýlisins að Baulárvöllum hefðu ekki fullnægt skilyrðum Nýbýlatilskipunarinnar til að öðlast óðals- og eignarrétt (danska: Odel og Ejendom). Var vísað í þeim efnum til 12. efnisgreinar tilskipunarinnar þar sem um það var fjallað hvernig standa ætti að búrekstri að því viðlögðu að ef viðkomandi teldist vera *latur og hirðulaus* mætti sá vænta þess að missa þau fríðindi sem honum hefði verið úthlutað og jörðin fengin öðrum duglegri ábúanda í hendur. Fjallað var jafnframt um hvort rök stæðu til að þessi réttindi féllu þeim í skaut sem þau voru tekin frá í öndverðu og vísað í þeim efnum til framangreinds erindis bænda.

Amtmaður svaraði sýslumanni 25. ágúst 1843, einnig á dönsku, og mælti því ekki í mót að kannað yrði hvernig staðið hefði verið að búrekstri á Baulárvöllum með tilliti til skilmála Nýbýlatilskipunarinnar. Amtmaður dró þó í efa að rétt væri að líta svo á að Baulárvellir væri eyðijörð og að eigendur jarðarinnar hefðu glatað réttindum sínum þannig að reyndi á ákvæði tilskipunarinnar þar að lútandi. Þessum álitaefnum sem bændur brydduðu upp á í bréfi sínu virðist ekki hafa verið fylgt frekar eftir.

Arnfinnur Arnfinnsson lögfesti sér *eignarjörd* sína Baulárvelli með yfirlýsingu á manntalsþingi í Stykkishólmi 7. júní 1847. Tekið var fram að lögfestan næði til túna jarðarinnar, engja, holta og haga sem og vatna- og veiðistaða ásamt öllu því sem jörðinni tilheyrði og tilheyra bar innan þeirra landamerkja sem rakin voru í lögfestunni. Þau landamerki voru keimlík þeim sem rakin voru í útmælingunni sem að framan greinir sem fram hafði farið 1823 enda beinlínis vísað til þess að lögfestan byggði á þeim *Utmælinga Réttar Úrskurði*:

*J Landsudur rædur Urdarmulahorn, sem nærst skagar Straumfjardará, og eptir sem brún hans [svo] rædur til hásudurs a Klettahniúk er kallast Stakkur, sem er í hádeigisstad frá bænum. Þadann í Vestur í vördu þá sem stendur á borg þeirri er nú kallast Södulsborg, þadann í einstakann stórann Stein, sem stendur á Landsudur sídu Nordurmúla, þadann síónhendíng vestur í efstu Fossa sem falla frá fiöllum í austari Breiddalsbotna, þadann í vördu sem stendur á Klettaborg, kippkorn fyrir austann Hvanggil, og so í gilid. Síðann rædur Hvanggil sem rennur ofanneptir svokolludum vestari Breiddal[s]Lundi í vestur átt, uns þad fellur í Hraunsfjardarvatn. Þadan*

*siónehending yfir Vatnshornid, í Utnordurshorn á Vatnafelli. Þadan frá til Nordurs í vördu á Griótborg þeirri er kallast Kista.*

*Síðan ráða Vördur fyrir nordri til austurs eftir Vatnahriggjum ad Raudalæk, og þadann austur eftir Vatnamýrarbrekkum í stóra vördu, sem stendur á Brekknabrúninni, þar sem fyrst hallar votnum til Landsudurs, ofann ad Dugfúsadal [svo] og svo úr tédri vördu, siónehending til sudurs, í fyrstnefndt Urdarmúlahorn.*

*Síðan sagði svo í lögfestunni: Fyrirbíd eg hérmed og banna öllum og sérhvorium, undir Lagasektir, í ad vinna, beita eda nokkur not hvoriu nafni sem heita kunni, sér ad draga eda hagnýta af Baularvalla Landi, innan Þessara ad framan tédu [svo] Landamerkia.*

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum virðast fæstir sem stunduðu búrekstur á Baulárvöllum hafa búið þar lengi eins og rakið var í fyrrgreindu bréfi bænda frá 27. maí 1843 og því lagaleg álitafni er tengdust jörðinni áfram umdeild. Þannig kom nýbýlið til frekari umfjöllunar á vettvangi sýslumanns þegar honum var ritað bréf 2. janúar 1858 af hreppstjórunum í Helgafellssveit er laut að eyðijörðinni Baulárvöllum sem svo var kölluð. Umfjöllunarefnið var að allt frá 1834 til 1855 hefði tíund verið greidd af jörðinni en á því ári hefði séra Sveinn Níelsson á Staðarstað keypt hana og hagnýtt sem afrétt eða upprekstrarland en neitað að greiða tíund af henni frá þeim tíma, eða í þrjú ár, með þeim rökum að ekki eigi að greiða af eyði- eða afréttarlöndum. Var því beint til sýslumanns að leysa úr hvort séra Sveinn hefði rétt til að neita að greiða eða ef svo væri ekki að sýslumaður myndi kveða upp úr um skyldu Sveins til greiðslu tíundarinnar.

Séra Sveinn Níelsson ritaði sýslumanninum bréf af þessu tilefni 12. mars 1858 til að skýra það hvers vegna hann vildi ekki gjalda tíund af jörðinni og hvað hann hefði reynt til ad halda þar við ábúð og að hvaða leyti hann hefði haft arð af bújörðinni. Sveinn skýrði afstöðu sína á eftirfarandi hátt: *Fyrir sína og opt útrekada umkvörtun hreppstjóra og fleiri málsmetandi sveitarmanna hér í Stadarsveit um, ad Baulárvellir, sem um lánngar aldir hefdu verid upprekstrar land eda afréttur Stadarsveitar, voru síðan 1823 frá numdir þessari aldeilis ómissanlegu notkun, og gjördir ad einstaks manns eign, til sérstakra búnytja, og síðan til ábúdar – af þessum umkvörtunum, sem mér virtust, þá eg kynntist hér, á góðum rökum byggdar, rédist eg í, vorid 1855 ad kaupa téda eydijörd, og þad einúngis í þeim tilgáangi, ad bæta úr tédum vanhag sveitúnga minna, med því ad leggja alla landareign tédrar eydijardar afdráttarlaust til afréttar, handa svo miklum hluta Stadarsveitar, sem þurfa og nægja þætti. Sama vorid og eg keypti landid, baud eg þad*

*sveitúngum mínum fram á þingi til afréttar, og var því þá af öllum vel tekið. Nú voru þá Baulárvellir, með allri landareign sinni, aptur horfnir til sömu notkunar, sem að fornu, orðnir nefnilega afréttur, og, að mínum tilgáangi og ætlun, alkomnir úr jarda og byggdra bóla tölu. En þá er eg hvorgi veit til, að af afréttarlandi, hvort það er stærra eða minna, sé nokkur tíund goldin, þá skildist mér ekki réttar, en að þessi notkunar breyting sem nú var orðin á Baulárvöllum, ætti, að almennri lands venju að hafa það í för með sér, að bæði tíundir og adrar kvadir, sem af beinlínis eða óbeinlínis byggdum jörðum vanalega eru goldnar, ekki framar að greidast af Baulárvöllum, meðan þannig stæði. Og það er því af þessum ástæðum að eg hefi færst undan að gjalda fátækra tíund af optnefndri eydijörd.*

Við svo búið fjallaði Sveinn um það að Arnfinnur hefði nýtt Baulárvelli með ábýlisjörð sinni að einu ári undanskildu en hvað hann sjálfan snerti þá hefði hann keypt landið í þeim eina tilgangi að sveitungar hans mættu nýta það sem afrétt fyrir geldfé sitt og hefði því ekki komið til hugar að reyna að viðhalda þar ábúð á nokkurn hátt. Hvað arð af jörðinni snertir kom eftirfarandi fram af hálfu Sveins:

*Þá er eptir að minnast á arðinn, sem eg hefi haft af Baulárvöllum, og þar fátt og lítið af að segja; því þótt eg fyrir marg útrekanda umkvörtun sveitarmanna hér, og eftir nokkurra þeirra ósk keypti þessa opt nefndu eydijörd, undireins og hún varð föl, og fram byði sveitúngum mínum hana síðan opinberlega, sem afréttarland fyrir geldfé sitt, móti einhverri sanngjarnlegri borgun, eptir samkomulagi, þá hafa þó færri, en líklegt þótti, rekið þá ngad síðan geldfé sitt, og þó en færri goldid mér nokkurn afréttar toll. Við sölnu tilskyldi seljandinn sér ókeypis upprekstur í landid, og notar hann það til beytar í því skyni, vor, sumar og haust fyrir sitt þar landvana fé. Þó eg teldi grannt það eptirgjald, sem eg þessi árin þannig hefði feingid eptir Baulárvelli, nær það ekki að upphæd laga leigu kaupverdsins. Fleira huxast mér ekki, þessu máli til skýringar, og leyfi eg mér svo að lyktum viringarfullst að fela það Ydar Velbyrdugheita vitru og sanngjörnu tillögum, og Amtsins hávísa úrskurdi.*

Málefni álagningar tíundar og Baulárvalla var til umfjöllunar á vettvangi yfirvalda, amtmanns og sýslumanns næstu misserin eftir þessi samskipti. Þannig liggur meðal annars fyrir í málinu skýrsla hreppstjóranna í Helgafellssveit um byggingu og tíundargjald af nýbýlinu Baulárvöllum frá 24. janúar 1859 sem send var sýslumanni. Af þeirri skýrslu má ráða að búseta og búskapur á Baulárvöllum hafi verið stopul. Tekið er fram

að ekkert sé getið um nýbýlið fyrr en 1831 í sveitarbókinni og í raun ekki fyrr en 1834 sem getið er um ábúendur og þá til 1938, en 1839 er býlið í eyði. Síðan var búskapur þar frá 1840 til 1844 er býlið fer á ný í eyði og er það í tvö ár en einn ábúandi tilgreindur 1846 og 1847 en svo er jörðin í eyði 1848 til 1853. Einn ábúandi er talinn þar 1854, en 1855 hafi jörðin verði seld á nýjan leik, til Sveins Níelssonar prófests á Staðarstað.

Að fenginni þessari skýrslu ritaði sýslumaður amtmanni Vesturamtsins bréf 8. febrúar 1859 og framsendi skýrsluna til hans ásamt með útmælingargjörðinni frá 1823. Sýslumaður benti sérstaklega á að þetta land sem hafi verið lagt undir nýbýlið hafi ekki verið tíundað sérstaklega áður, „heldur í dýrleika kringliggjandi jarda, sem áttu land þar sem nýbýlid var upptekid“. Sagði síðan í bréfi sýslumanns:

*Enda þótt eg egi hafi séd skilríki umm landamerki þeirra jarda, sem þannig ega lönd ad, en sem munu vera konungsjardirnar Ellidi, Lágafell, Dalur Horn Hraunsfjörður, og bændaegnirnar Hrísdalur og Berserkjahraun, þá er mér það kunnugt ad landamerkjum tédra jarda til fjalls mun hafa verid svo hagam, ad ekkert óskipt afréttarland hafi til verid á fjallendi því, þar sem Baulárvellir eru, því það er ekki breidara en svo, ad það á þeim stad má allt telja sem búfjárhaga á sumrum. Þad mun vera komid af einhvörjum misskilningi ad land það sem árid 1823 var útmælt til jardarinnar Baulárvalla er kallad eydi plats eda eydibygð, svo sem það væri afréttarland, er einnig styrkist vid það ad Stadastadar kyrkju eptir máldögum er eignadur stódupprekstrarrettur sem ítak á Baulárvöllum (sbr Johnseni jardatalbli 16v:) en alls ekki géldfjárupprekstur. Þad er athugavert vid útmælingargjördina ad einungis ábúendur nærliggjandi jarda en alls ekki umbodshaldari Arnarstapa umbodsjarda, frá hvörjum ad land var tekid, voru advaradir til ad vera vid útmælingargjördina – og ad það med öllu er ósannad ad Stadsveitingar, þó því sé hreyft í útmælingargjördinni hafi haft tilkall til afréttarnotkunar á svoköllum Baularvöllum. En enda þótt svo hefdi verid er það þó án alls efa, úr því einns inni nýbýlid var stofnad og það fékk réttindi bygdra jarda, öldungis lögum gagnstæt, ad núverandi egandi jardarinnar géti fríad sig vid gjöld af jördinni, fyrrenn hann á lögbodinn hátt gétur sannad, ad hún ekki lengur sé byggjanleg og brýn naudsyn beri til ad leggja hana í eydi, eda afmá úr bygdra jarda tölu.*

Fyrir liggur meðal málgagna endurrit bréfs sem sagt er bréf Vesturamtsins dagsett 26. mars 1889 en af efni bréfsins má afdráttarlaust ráða að það hafi verið sent 26. mars 1859, að um misritun sé að ræða í framlögðu endurriti hvað ártalið snertir. Bréfið felur í sér viðbrögð amtmanns við fyrri samskiptum við sýslumann og þeim upplýsingum sem

hann hafði komið á framfæri er lutu einkum að innheimtu tíundar vegna Baulárvalla af framanröktu tilefni vegna andstöðu séra Sveins Níelssonar við að greiða tíund vegna Baulárvalla og ástæður andstöðunnar. Endurriti bréfsins fylgdi ekki afrit af handrituðu frumriti, líkt og flestra annarra dómskjala frá 19. öld sem liggja frammi, en stefnandi hefur ekki rengt efni bréfsins og ekki mótmælt því sem röngu eða ósönnuðu. Til þess er einnig vitnað í úskurði óbyggðarnefndar. Verður sönnunargildi þess því metið það sama og annarra gagna málsins sem ekki hafa sætt andmælum. Í bréfi matsmanns segir meðal annars:

*Eftir að þér herra sýslumaður með bréfi frá 8. f.m. hafið hingað sent svo vel útdrátt af útmælingargjörð þeirri yfir Baulárvelli, er framfarið hefir þann 7. júlí 1823, sem hinar aðrar af mér eftir æsktu upplýsingar, þessu máli viðkomandi, og Amtið hefur tekið skýrslur þessar og upplýsingar til nákvæmstu yfirvegunar, getur mér ekki fundist það tiltækilegt að úrskurða að tíund skuli greiddast af Baulárvöllum; því mér virðist að útmælingargjörðin yfir téð býli hafi svo mikla galla og sé svo mörgum vandkvæðum bundin, að mér í hið minnsta virðist það mjög efasamt hvaða gyldi téð útmælingargjörð geti haft. Það virðist nefnilega eftir þeim skýrslum, er þér herra sýslumaður, hafið meðdeilt Amtinu, að vera in confesso, að allt það land, er Baulárvöllum hefur verið útmælt, hafi áður tilheyrt, eða verið innan landamerkjanna: Elliða, Lágafells, Dals, Horns og Hraunsfjarðar, og bændaeignanna Hrísdals og Berserkjahrauns, og sé nú þetta svo í raun og veru, svo liggur það í augum uppi, ef réttar þessara jarða hefði verið gætt, að þær hefði fengið afslátt í hundraða tali sínu eður dýrleika, samsvarandi því landi, er frá þeim var tekið, og þeim hluta af dýrleika Baulárvalla, er svaraði til lands þess, er tekið var frá hverri jörðu fyrir sig, og þegar þessa ekki nú hefur verið gætt, virðist sem hlutaðeigandi tíundatakarar ekki líði neinn halla við þó Baulárvellir ekki sé tíundaðir, þar sem þeim, eftir áður sögðu, ekkert það land hefur verið útmælt, er enginn tíundarskylda áhvíldi áður, heldur einungis slíkt land, er aðrar jarðir tíunda eins eftir sem áður.*

*Eins og það virðist liggja í augum uppi að menn þeir, er útmæla eiga nýbýli ekki án sérstakrar heimildar geta haft rétt til að taka land frá matriculeruðum, eöur til dýrleika metnum jörðum, og leggja það til nýbýlisins, eins hefur líka stjórnin 2ur (tveimur) þesskonar sökum, er ég hef umfjallað, gengið út frá þeirri skoðun, að þegar býli væri tekið upp í landeign skuldsettrar, áður til dýrleika metinnar, jarðar, þá væri það ekki nýbýlisupptekning í lagalegum skilningi, heldur einungis hjábýlisupptekning,*

*/Koparcelling/, í landi þeirrar jarðar, eður þeirra jarða, er hjáleigan heyrir undir.*

*Sá hér að ofan taldi galli, er viðkemur sakarinnar „Realitet“ virðist mér því heldur takandi til greina, sem það má álítast á góðum rökum byggt, að hinir merkustu af innbúunum í Helgafellssveit, áður hafa fundið sig orsakaða til að klaga yfir því, hvað óhagkvæmt það hafi verið fyrir sveitina að byggð var upptekin á Baulárvöllum.*

*Hinn annar galli, viðkomandi formi sakarinnar er mér virðist athugasemdir við útmælingargjörðina á Baulárvöllum er sá, að umboðsmaður konungs yfir gózi hans hér í Snæfellsness-sýslu, ekki hefur verið aðvaraður um að vera nálægur við útmælingargjörðina, og þetta hefði þó verið öldungis nauðsynlegt, þar sem ekki einungis fleiri konungsjarðalönd lágu að nýbýlinu, heldur einnig var gengið upp á, eða tekið af landi þeirra, án þess nokkur af konungs hendi væri til staðar, til þess að setja sig á móti slíkum framgangsmáta.*

*Það sést að sönnu af skýrslum þeim, er sveitarstjórnir í Helgafellssveit hafa gefið, að Baulárvellir, ýmist allir, og ýmist hálfir, hafa verið tíundaðir um nokkurra ára tíma til fátækra í Helgafellssveit, en hvorki eru það full 20 ár, sem tíundin þannig hefur verið goldin, og ekki heldur er áratalan samfleytt, svo að hér getur, bæði af þessari og fleirum orsökum, ekkert spursmál orðið um hefð.*

*Af því sem þannig hefur verið ávíkið [xxxxxx] það að ég ekki get fundið ástæðu til að úrskurða tíundargjald af Baulárvöllum; hvar á móti það stendur hlutareigendum frítt fyrir, ef þeim svo þóknast, að leggja mál þetta til landslaga og réttar.*

Ekki liggja neinar upplýsingar fyrir um hvort tíund hafi verið innheimt vegna Baulárvalla eftir framangreind samskipti milli sýslumanns og amtmanns.

Séra Sveinn Níelsson seldi jörðina til Egils Sveinbjarnarsonar Egilssonar 1868. Skrifleg gögn um þá sölu liggja ekki fyrir og engar upplýsingar eru um við hvaða kjörum Sveinn seldi jörðina. Ekki eru heldur fyrirliggjandi upplýsingar um nýtingu jarðarinnar á þeim tíma sem hún var í eigu Egils.

Egill gaf stefnanda jörðina með afsalsbréfi 8. september 1882 sem var lesið á manntalsþingi að Stykkishólmsþingstað 13. júní 1883 og innfært þar með í afsals- og veðmálabók sýslunnar 9. júlí 1883. Jörðinni var afsalað með öllum þeim réttindum sem henni fylgdu og fylgja bar að fornu og nýju til lands og vatns hverju sem nefndist með þeim áskilnaði að sóknarnefnd Stykkishólmssóknar hefði jafnan alla umsjón með jörðinni kirkjunnar vegna og bæri að gera hana svo arðsama fyrir kirkjuna sem frekast

mætti og sjái enn fremur um að jörðin yrði aldrei frá kirkjunni seld eða veðsett, hvorki í þágu kirkjunnar né annarra.

Á þeim tíma sem stefnandi fékk Baulárvelli gefna 8. september 1882 höfðu tekið gildi landamerkjölög nr. 5/1882 sem tóku gildi 17. mars 1882. Kveðið var á um í 1. gr. laganna að hver landeigandi væri skyldugur til að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni. Í 3. gr. þeirra var kveðið á um skyldu hvers eiganda og umráðamanns jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarðar sinnar. Í 3. málslíð 3. gr. var kveðið á um skyldu landeiganda til að sýna hverjum þeim, er land ætti til móts við hann og skyldu þeir rita samþykki sitt á lýsinguna hver fyrir sína jörð nema þeir álitu að lýsingin væri ekki rétt. Við svo búið átti að afhenda merkjalýsingu sýslumanni til þinglýsingar á næsta manntalsþingi, sbr. 4. gr. laganna. Samkvæmt lögunum bar sýslumanni frumkvæðisskylda til að grennslast fyrir um að 1.–4. gr. laganna væri fylgt en ef út af brygði vegna vanrækslu átti að leggja á þann landeiganda fésekt. Sektir þessar áttu að tvöfaldast við hvert ár vanrækslu ef ekki væri búið að fullnægja skyldu til útgáfu landamerkjabréfs innan fimm ára frá því að slíkt bréf gat fyrst verið gefið út.

Fyrir liggur að landamerkjabréf var ekki gefið út vegna Baulárvalla en engar upplýsingar liggja fyrir um að til hafi staðið að gefa slíkt bréf út eða að umræða hafi skapast um það. Þá liggja engar upplýsingar fyrir um að stefnandi hafi verið sektaður af þessu tilefni eða það staðið til.

Öðru gegnir um þær jarðir sem nú eru í eigu stefndu og deila um eignarrétt að því svæði sem jörðinni Baulárvöllum var skenkt með útmælingargjörðinni 1823.

Þannig var gefið út landamerkjabréf fyrir þjóðeignina Hraunsfjörð 15. október 1888. Þar voru merki milli Horns annars vegar og Fjarðarhorns hins vegar skilgreind og þess getið að jörðin næði upp í Hraunsfjarðarvatn. Ábúendur Horns og Fjarðarhorns árituðu landamerkjabréfið sem og umboðsmaður í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði.

Gefin var út landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Horn og Selvelli 30. apríl 1889. Þar voru merki milli Hraunsfjarðar og Horns skilgreind og sögð enda í sjónhendingu í Hraunsfjarðarvatn og merkjum síðan lýst þaðan meðfram Vatnaá til Baulárvallavatns og áfram að Rauðasteinslæk og meðfram honum upp í fjall og þaðan sjónhending í svokallaða Sátu. Síðan var skilgreint að merki milli Selvalla og Berserkjahrauns væru með Fossá frá Sátu ofan í Seljvallavatn og svo áfram í sjó fram. Ábúendur Horns og Selvalla og Hraunsfjarðar handsöluðu undirritun landamerkjabréfsins en jafnframt áritaði sóknarnefndin í Stykkishólmi, sem svo var nefnd, landamerkjabréfið 27. maí sama ár.

Gefin var út yfirlýsing um landamerki fyrir umboðsjörðina Dal í Miklaholtshreppi 28. september 1887. Þar var lýst merkjum, meðal annars milli Dals og Hjarðarfells, og þess getið að merkin lægju úr Þrívörðum í Rauðasteinslæk og að Baulárvallavatni og síðan með Straumfjarðará úr vatninu ofan í Langholt og síðan réði sýsluvegurinn suður að Grasrótarbyrgi. Yfirlýsingin var árituð um samþykki af ábúandanum á Hjarðarfelli, auk þess sem bréfið var undirritað af umboðsmanni í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði.

Landamerkjalyýsing var gefin út fyrir Hofsstaði 19. mars 1886 þar sem merkjum jarðarinnar er ítarlega lýst. Þar á meðal er fjallað um að merkin liggi með austurbrún Urðarmúla í Urðarhaus, þaðan svo í Straumfjarðará skammt frá því er hún rennur úr Baulárvallavatni og svo niður með Straumfjarðará. Ritað var undir landamerkjalyýsinguna í af hálfu eiganda, auk þess sem áritað var samþykki nábúenda Hofsstaða vegna Hrísdals og Borgarholts.

Ný landamerkjalyýsing var gefin út fyrir Hofsstaði 2. janúar 1890. Að því marki sem varðar sakarefni máls þessa var merkjum lýst á sama hátt og í eldri landamerkjalyýsingu. Skorað var á alla hlutaðeigendur sem lönd ættu til móts við Hofsstaði eða teldu merkjalyýsinguna snerta rétt sinn í nokkru, að rita á hana samþykki sitt og yfirlýsingu um að hún væri rétt. Ritað var undir merkjalyýsinguna af eiganda og umboðsmanni í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði fyrir *landssjóðsjarðirnar* og af eiganda Melkots.

Meðal framlagðra dómskjala er lögfesta vegna Hofsstaða frá 17. mars 1774 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst. Af þeirri lýsingu verður ekki ráðið að merki jarðarinnar hafi verið talin ná inn á hið umþrætta svæði sem er til umfjöllunar í þessu dómsmáli.

Landamerkjalyýsing var gefin út fyrir þjóðeignina Elliða 29. desember 1889 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst gagnvart Ytra-Lágafelli, Furubrekku og Bergholtskoti. Ekki verður ráðið af lýsingunni að hún lúti að umþrættu landi máls þessa. Ritað var undir landamerkjalyýsinguna af ábúanda, vegna Lágafells og Furubrekku svo og umboðsmanns í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði.

Ný yfirlýsing um landamerki jarðarinnar Elliða var gefin út 1. janúar 1964 og laut sérstaklega að landamerkjum jarðarinnar á fjalllendi hennar. Sérstök mótmæli koma fram í yfirlýsingunni gegn því að merkjunum þar efra hefði nokkru sinni verið breytt með löglegum hætti ella fullyrt að þær breytingar væru fyrir löngu niðurfalldar og merkin þannig komin í upprunalegt og rétt horf. Merkjum var svo lýst á austurmörkum allt upp í Baulárvallavatn, norðurmörkin voru skilgreind með Baulárvallavatni að Vatnaá og

síðan rakið að þau lægju upp með Hvangili upp eftir Breiðdal hinum vestari og úr Hvangili í sjónhendingu í merkjavörðu á Breiðuborg sem sé stutt frá upptökum Hvangils í suðurátt. Síðan var vesturmörkum lýst eftir fjöllum og svo niður fram af fjallsbrúnum og vísað til eldri merkjalýsinga jarðarinnar. Ritað var undir landamerkjalyýsinguna af eiganda jarðarinnar sem og vegna aðliggjandi jarða, Lágafells, Foss og Furuþrekkur, auk þess sem samþykki var áritað af hálfu jarðeignadeildar ríkisins. Þá áritaði hreppsnefnd Staðarsveitar yfirlýsinguna. Meðfylgjandi með yfirlýsingunni var afhent örnefnaskrá og kort þar sem örnefni höfðu verið merkt inn. Skjalinu var þinglýst með athugasemd um að sýslumaður hefði ekki borið landamerkjalyýsinguna saman við eldri heimildarskjöl varðandi landsvæðið.

Landamerkjalyýsing var gefin út fyrir þjóðeignina Syðra-Lágafell 30. desember 1888 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst stuttlega með þeirri athugasemd að frekari landamerki en þar gæti að líta væri ábúandanum ókunnugt um. Ekki verður ráðið af lýsingunni að hún lúti að umþrættu landi máls þessa. Ritað var undir landamerkjalyýsinguna vegna Syðra- og Ytra-Lágafells og samþykki umboðsmanns í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði vegna jarðarinnar Gauls.

Landamerkjalyýsing var gefin út fyrir þjóðeignina Ytra-Lágafell 30. desember 1888 þar sem merkjum milli Lágafellanna er lýst og milli Ytra-Lágafells og jarðarinnar Elliða en þess getið að landamerki séu ekki þekkt á fjalllandinu sem svo er nefnt. Ekki verður ráðið af lýsingunni að hún lúti að umþrættu landi sem til umfjöllunar er í þessu máli. Ritað var undir landamerkjalyýsinguna vegna Ytra- og Syðra-Lágafells og Elliða og samþykki umboðsmanns í Arnarstapa og Skógarstrandarumboði.

Sameiginleg landamerkjalyýsing var gefin út vegna Ytra-Lágafells og Hofsstaða 20. apríl 1964 er laut að fjalllendi jarðanna með sambærilegum hætti og gert var vegna jarðarinnar Elliða eins og að framan greinir. Tekið var fram að merkjum á fjalllendum væri lýst sameiginlega vegna Ytra-Lágafells og Hofsstaða og tekið fram að eigendur jarðanna myndu síðar leysa úr því hvort þeir myndu eiga landið áfram sameiginlega eða skipta því á milli jarðanna. Mörkunum var lýst þannig að úr Baulárvallavatni á móti Dal réði Straumfjarðará úr vatninu á móts við Urðarmúlahorn og niður. Á móti Elliða ráði Draugagilsá úr vatninu allt á móts við Stakk og þaðan eftir hinum forna Baulárvallavegi. Eigendur jarðanna lýstu því yfir að þeir myndu sjálfir ákveða innbyrðis hversu langt hið sameiginlega land næði frá Baulárvallavatni og niður eftir fjallendum. Undir yfirlýsinguna var ritað af hálfu hreppsnefndar, Dals, Syðra-Lágafells og vegna Jarðakaupasjóðs

vegna Ytra-Lágafells. Skjalinu var þinglýst með athugasemd um að sýslumaður hefði ekki borið saman landamerkalýsinguna við eldri heimildarskjöl varðandi landsvæðið. Deilt er í málinu um þýðingu undirritunar eigenda Syðra-Lágafells. Byggt er á því af hálfu stefnda Eggerts Kristjánssonar, eiganda Hofsstæða, að með þeirri undirritun hafi verið staðfest að ekkert land tilheyrði Syðra-Lágafelli á nefndu fjalllendi en af hálfu eiginmanns eins af núverandi eigendum Syðra-Lágafells, sem gaf skýrslu fyrir dómi sem vitni, kom fram að undirritun eigendanna á skjalið hefði ekki aðra þýðingu en staðfestingu á ytri merkjum jarðanna.

Fyrir hönd sóknarnefndar stefnanda var framangreindum yfirlýsingum vegna jarðarinnar Elliða frá 1. janúar 1964 og vegna Hofsstæða og Ytra-Lágafells frá 20. apríl 1964 mótmælt með yfirlýsingu sem gefin var út 24. júlí 1964 og þinglýst 23. september sama ár. Vísað var til lögfestu Arnfinns Arfinnssonar frá 1847 og gjafabréfs Egils Sveinbjörnssonar Egilssonar frá 9. september 188[2] og þinglýst 13. júní 1883.

Nefna ber að meðal dómskjala er leigusamningur dagsettur 1. ágúst 1942 milli stefnanda og Stykkishólsmhrepps þar sem hreppnum eru leigðir Baulárvellir þannig að hreppurinn hafi öll afnot jarðarinnar, beit og veiðirétt í Baulárvallavatni er tilheyri býlinu sem og öll önnur hlunnindi sem því fylgja. Greiða bar árlega leigu af landinu til stefnanda. Í framburðum fyrir dómi af hálfu sóknarnefndarmanna stefnanda kom fram að litið væri svo á að þessi samningur væri enn í gildi. Greiðslur bærust af og til frá sveitarfélaginu vegna þessara afnota en þær væru þó ekki greiddar reglulega. Engar upplýsingar komu fram um fjárhæð greiðslnanna eða á hvern hátt skírskotað væri til þessa samnings við ákvörðun fjárhæðar þeirra.

Þá liggur fyrir afsal dagsett 10. september 1982 sem felur í sér að þáverandi eigandi jarðarinnar Dals fékk afsalað til sín að nýju veiðiréttindum sem skilin höfðu verið frá jörðinni með afsali 21. nóvember 1969. Vert er að geta þess að gögn málsins bera með sér að veiðirétturinn hafi verið skilinn frá jörðinni 1945. Veiðiréttindin sem um var fjallað í fyrrnefndu afsali voru í *Baulárvallavatni fyrir Dalslandi*, eins og það var orðað, en afsal þetta fór fram með heimild landbúnaðarráðuneytisins sem veitt var 5. mars 1979 til að landeigandinn gæti leyst veiðiréttindin til sín í samræmi við 3. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði að greiddu gjaldi samkvæmt mati tilkvaddra matsmanna sem gefið var út 8. janúar 1980. Fram kom í framburði fyrir dómi að eigandi jarðarinnar Dals hefur haft tekjur af sölu veiðiréttinda frá þessum tíma.

Á árinu 2003 stóðu nokkrir aðilar, þar á meðal stefndi Eggert Kristjánsson, eigandi Hofstaða, að stofnun einkahlutafélagsins Múlavirkjun ehf. sem hóf í kjölfarið virkjunarframkvæmdir að undangengnu opinberu ferli við öflun leyfa og samþykkt, sem og gerð deiliskipulags. Framkvæmdinar fólu í sér gerð tveggja stíflna, lagna þeirra á milli og vatnsfallspípu frá neðri stíflunni niður í stöðvarhús þar sem hverflar framleiða rafmagn. Stöðvarhúsið sjálft er í landi Hofstaða. Efri stíflan er austast við Hraunsfjarðarvatn og neðri stíflan er staðsett austan Baulárvallavatns. Báðar stíflurnar eru innan hins umþrætta lands, þannig að deilt er um hvort efri stíflan sé innan lands jarðarinnar Horns og hvort sú neðri sé innan lands sem sé í óskiptri sameign jarðarinnar Hofstaða og Ytra-Lágafells og eftir atvikum Syðra-Lágafells sem og innan lands jarðarinnar Dals.

Vegna virkjunarframkvæmdanna var gerður lóðarleigusamningur milli stefnda Múlavirkjunar ehf. og stefnda Jóns Thors, sem nefndur er leigusali, vegna jarðarinnar Horns, 30. september 2004, um 1,2 hektara lóð úr landi Horns til afnota fyrir stíflusvæði. Stofnuð var sérstök lóð af þessu tilefni 19. júlí 2004 í samræmi við 14. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Samningurinn er til 50 ára.

Þá var gerður lóðarleigusamningur milli stefnda Eggerts Kjartanssonar vegna Hofstaða og stefnda Múlavirkjunar ehf. 15. september 2014, meðal annars um leigu 9 hektara lóðar úr landi Hofstaða til nota sem byggingar- og athafnasvæði, meðal annars fyrir stíflu. Tekið var fram að lóðin lægi að landamerkjum jarðarinnar Dals. Stofnuð var sérstök lóð í samræmi við 14. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna 2. desember 2003. Þessi samningur er einnig til 50 ára.

Þriðji lóðarleigusamningurinn var gerður milli þáverandi eigenda jarðarinnar Dals vegna jarðarinnar og stefnda Múlavirkjunar ehf., 15. september 2014, um leigu 4,3 hektara lóðar úr landi Dals til nota sem byggingar- og athafnasvæði. Tekið var fram að lóðin sem væri austan Straumfjarðarár lægi að landamerkjum jarðarinnar Hofstaða. Stofnuð var sérstök lóð 2. desember 2003 í samræmi við 14. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Þessi samningur er enn fremur til 50 ára.

Á fyrri hluta árs 2014 áttu sér stað þreifingar milli stefnda Eggerts sem eiganda jarðarinnar Hofstaða og stefnanda um að taka jörðina Baulárvelli á leigu þótt jafnframt hafi verið tekið fram í orðsendingu stefnda til formanns sóknarnefndar að ágreiningur væri til staðar um eignarhald á jörðinni. Raktar voru þrjár ástæður fyrir erindinu, í fyrsta lagi að stefndi hefði nýtt jörðina um margra ára skeið, annast smölun hennar og vilji halda því áfram, í öðru lagi að hann vildi gjarnan gera samning við eiganda jarðarinnar

um umgengni sína um jörðina þar sem hann væri að fara um hana allt árið um kring og í þriðja lagi að óbyggðanefnd myndi brátt taka þetta svæði til umfjöllunar en amningur um nýtingu jarðarinnar myndi styrkja eignarhald stefnanda á Baulárvöllum þar sem stefnandi hefði ekki verið að nýta jörðina og hún skráð sem afréttur, auk deilna um hvort rétt hafi verið staðið að þegar jörðin hafi verið tekin undan öðrum jörðum á sínum tíma. Útbúin voru drög að samningi í samræmi við þessa ósk stefnda um beitarréttindi Baulárvalla. Fram kom að stefnandi væri þinglýstur eigandi og stefndi eigandi jarðarinnar Hofstaða sem væri aðliggjandi að því svæði sem afmarkað væri í lögfestu Baulárvalla frá 6. apríl 1847. Stefndi tæki á leigu beitarréttindi innan landamerkjna Baulárvalla og gerð var grein fyrir merkjum jarðarinnar orðrétt eins og þeim var lýst í fyrrnefndri lögfestu. Til stóð að leigusamningur aðila skyldi gilda í þrjú ár með forleigurétti að þeim loknum. Stefndi féll frá þessum ráðagerðum og gerði þá grein fyrir málsatvikum í aðilaskýrslu fyrir dómi að hann hefði með þessu erindi viljað skapa frið um hagnýtingu landsvæðisins og ná sáttum við stefnanda enda góður persónulegur vinskapur milli hans og forsvarsmanna stefnanda. Að betur athuguðu máli hefði hann á hinn bóginn ekki talið forsendur fyrir sammingsgerðinni og því hætt við.

Með bréfum stefnanda dagsettum 20. apríl 2015 sem send voru eigendum jarðanna Dals, Horns og Hofstaða var innt eftir því á hvaða grundvelli þeir hefðu gert leigusamninga við Múlavirkjun ehf. sem væru bersýnilega í trássi við þinglýstar heimildir og landamerkjalyásingar, eins og það var orðað.

Bréfum stefnanda var svarað af hálfu stefndu 11. júní 2015, annarra en eigenda Syðra-Lágafells og gerð grein fyrir því að jarðirnar Horn, Hraunsfjörður, Dalur og Hofstaðir ættu land að Baulárvallavatni á þeim forsendum sem til úrlausnar eru í máli þessu.

Ekki tókst að jafna ágreining aðila en látið var kyrrt liggja á meðan óbyggðanefnd tók til umfjöllunar landsvæðið þar sem Baulárvellir eru, en nefndin hafði hafið umfjöllun sína með tilkynningu til fjármála- og efnahagsráðherra dagsettri 17. september 2014. Umfjöllun óbyggðanefndar lauk með úrskurði uppkveðnum 15. ágúst 2019 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ekki væru þjóðlendur á landsvæðinu. Sérstaklega var tekið fram í forsendum úrskurðarins að ekki væri tekin afstaða til ósamrýmanlegra krafna af einkaréttarlegum toga en niðurstaða nefndarinnar byggði fyrst og fremst á því að íslenska ríkið hefði ítrekað viðurkennt beinan eignarrétt að landsvæðinu, meðal annars

með áritun um samþykki á útgefin landamerkjabréf einstakra jarða sem teldu til réttinda yfir svæðinu.

Í kjölfar þessarar niðurstöðu óbyggðanefndar höfðaði stefnandi mál þetta með stefnu birtri 29. apríl 2020 eins og áður gat.

Með yfirlýsingu dagsettri 4. maí 2020 lýstu stefndu, eigendur Syðra-Lágafells 1, því yfir að þau samþykktu dómkröfu stefnanda um staðsetningu landamerkja jarðarinnar Baulárvalla.

#### *Málsástæður stefnanda*

Eigandi Baulárvalla byggir kröfur sínar um viðurkenningu á merkjum jarðarinnar á þinglýstum landamerkjaheimildum Baulárvalla, leyfisbréfi fyrir stofnun nýbýlisins frá árinu 1823, útmælingargjörð fyrir nýbýlið frá sama ári, lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 1847, afsalsbréfi útgefnu 9. september 1882, örnefnaskrá fyrir jörðina, auk þess sem vísað sé til ýmissa eldri heimilda sem stefnandi telji að styðji við túlkun hans á þeim.

Í hnotskurn sé deilt um gildi útmælingar jarðarinnar frá 1823 og um gildi þeirra landamerkjabréfa sem gerð voru síðar fyrir aðliggjandi jarðir þar sem landamerki þeirra hafi verið færð einhliða inn á land Baulárvalla og yfir þau landsvæði sem deilt sé um.

Kröfugerð stefnanda sé í samræmi við útmælingu Baulárvalla frá 7. júlí 1823 ásamt lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 6. apríl 1847 þar sem landamerkjum er lýst á sama veg, en Arnfinnur hafi keypt jörðina af Grími Pálssyni 1844 sem fengið hafi byggingarbréf fyrir henni 15. ágúst 1823 í samræmi við nefnda útmælingu. Byggt er á því að enginn efnislegur munur sé á lýsingu landamerkja Baulárvalla í þessum tveimur heimildum.

Með hliðsjón af útmælingunni verði ekki betur ráðið en að býlið hafi verið stofnað með heimild í 4. gr. Nýbýlatilskipunarinnar frá 1776 sem nýtt og sjálfstætt býli, óháð öðrum jörðum. Þar sem útmælingargjörðinni hafi að auki verið þinglýst 28. maí 1824 hafi henni verið ætlað að álitast og gilda sem viss og óbrigðul heimild eins og segi í 6. gr. tilskipunarinnar.

Í þessu sambandi verður að horfa til þess að í samræmi við skyldu þar að lútandi samkvæmt tilskipuninni hafi fyrirhuguð útmæling verið auglýst og skorað á alla nálæga búendur að mæta við útmælinguna og halda fram rétti sínum gagnvart sýslumanni og útmælingarmönnum sem skyldu vera óhlutdrægir og skynsamir dánumenn. Staðið hafi verið rétt að framkvæmd útmælingarinnar í útmælingaréttinum sem hafi verið settur að Baulárvöllum. Boðað hafði verið réttilega til hans og útvaldir útmælingarmenn tilgreindir

og þeir eiðfestir fyrir guði. Engirn þeirra nábýlismanna sem sótt hafi þingið hafi getað fært fram haldbær gögn kröfum sínum og athugasemdum til stuðnings og hafi þeim því verið hafnað af sýslumanni. Skilyrðum tilskipunarinnar fyrir því að um sjálfstæða jörð væri að ræða var þannig fullnægt hvað útmælinguna varðaði. Þeir sem mættu höfðu samkvæmt því sem bókað var af hálfu sýslumanns engin löggild skilríki fyrir því að jarðir þeirra ættu landið sem um ræðir, *þótt þeir hefðu notad það endrum og sinnum ásamt því að engin merki sáust um ctó landið hefði um langan tíma verið yrkt*. Því var landið sem athugasemdirnar lutu að álitid einskis manns land rétt eins og annað land Baulárvalla fyrir útmælingu jarðarinnar samkvæmt tilskipuninni.

Ályktanir óbyggðanefndar í máli nr. 4/2018, er laut að Baulárvöllum, séu í samræmi við framangreint. Fundargerð útmælingaréttar vegna stofnunar nýbýlisins beri það með sér að litið hafi verið svo á að landið sem mælt hafi verið út og lagt til nýbýlisins væri utan landamerkja jarða. Óbyggðanefnd vísaði til þess að heimildir um afnot svæðisins hafi fjallað fyrst og fremst um beit og veiði auk sambærilegra nota. Svæðið hafi fyrst og fremst verið háð beitarréttindum og afréttarafnotum allt fram til þess tíma þegar séra Grímur Pálsson á Helgafelli hafi hafið frekari nýtingu á svæðinu og fékk í framhaldi af því útmælt svæði til stofnunar nýbýlis þar árið 1823.

Í ljósi þessa verði að telja að þessi gögn beri með sér að allt land innan framangreindrar kröfulýsingar, sem er í samræmi við útmælingu bréfsins og lögfestuna, tilheyri Baulárvöllum, en ekki aðliggjandi jörðum. Landamerkjabréf aðliggjandi jarða Baulárvalla séu ósamrýmanleg eldri heimildum þar sem þessi landsvæði samkvæmt þeim tilheyri Baulárvöllum, en ekki aðliggjandi jörðum.

Óbyggðanefnd bendi í samræmi við það í úrskurði sínum á að landamerkjabréf fyrir Hraunsfjörð og Elliða, bæði frá árinu 1888, og aðrar eldri heimildir en landamerkja-yfirlýsing fyrir Elliða frá árinu 1964 styðji ekki að land Elliða, Hraunsfjarðar, Horns eða Selvalla nái inn á það landsvæði sem stefnandi geri í þessu máli kröfu um að tilheyri Baulárvöllum. Óbyggðanefnd bendi jafnframt á í úrskurði sínum að landamerkjabréf og eldri heimildir styðji ekki að land Ytra- og Syðra-Lágafells eða Hofstaða nái til landsvæðis svo langt norður sem stefnandi gerir í þessu máli kröfu um að tilheyri Baulárvöllum. Nefndin vísaði í þeim efnunum til þess að merkjum Ytra- Lágafells og Syðra-Lágafells sé í heimildum ekki lýst lengra til norðurs en að ysta klofningi á Markgili. Einnig mæli lögfesta fyrir Hofstaði frá árinu 1774 því í mót að land Hofstaða hafi náð lengra til norðurs en að Vallá.

Eigendur aðliggjandi jarða hafi í þeim landamerkjabréfum sem um ræði fyrir jarðirnar fært einhliða út landamerki jarðanna yfir landsvæði jarðarinnar Baulárvalla. Jarðeigendum sé slíkt ekki tækt eins og Hæstiréttur hafi margítrekað slegið föstu í úrlausnum sínum, samanber til dæmis Hrd. 48/2004 og Hrd. 617/2012. Það sé þannig ekki á valdi eiganda jarðar að auka með landamerkjabréfi við land sitt eða annan rétt umfram það sem áður hafi verið.

Við fyrstu sýn virðist landamerkjabréf jarðarinnar Horns og Selvalla frá 30. apríl 1889 vera frábrugðið að þessu leyti landamerkjabréfum hinna jarðanna sökum þess að sóknarnefnd stefnanda undirritaði það bréf fyrir hönd kirkjunnar sem eigandi Baulárvalla. Stefnandi telji á hinn bóginn að sóknarnefndin hafi skrifað undir bréfið í þeirri villu að bréfið samrýmdist eldri heimildum sem hafi legið til grundvallar eignarrétti á jörðinni Baulárvöllum. Sóknarnefndin hafi ekki ætlað sér með undirritun sinni að gefa eftir landsvæði það sem eigendur hinna aðliggjandi jarða höfðu einhliða fært jarðir sínar fram um. Í samræmi við þetta hafi bréfinu verið þinglýst með þeirri athugasemd af hálfu embættisins að það hefði ekki borið landamerkjalyfingu þessa saman við eldri heimildarskjöl varðandi þar greint landsvæði.

Samkvæmt afsali frá 9. september 1882, sem fól í sér gjafagering Egils Sveinbjarnarsonar Egilssonar til handa kirkjunni um jörðina, hafi verið lögð sú kvöð á að jörðin yrði aldrei seld frá kirkjunni og hana mætti aldrei veðsetja, hvorki í kirkjunnar þarfir né annarra. Stefnandi telji því að þrátt fyrir að sóknarnefndin hafi undirritað landamerkjabréf Horns og Selvalla frá 30. apríl 1889 hafi kirkjan ekki haft heimild til að gefa eftir eignarrétt sinn yfir jörðinni vegna þeirrar kvaðar sem á jörðinni hvíli samkvæmt afsalinu. Því hafi sú undirskrift enga þýðingu í þessu tilliti og landamerkjabréfið verði því að skoðast líkt og hin bréfin sem eru öll óundirrituð af hálfu kirkjunnar og því einhliða gerningar eigenda þeirra jarða sem fá ekki staðist sem eignarheimild fyrir umræddum landsvæðum.

Samkvæmt framansögðu telji stefnandi að fyrirbyggjandi heimildir sýni fram á að land það sem um ræði tilheyri eyðijörðinni Baulárvöllum, rétt eins og kveðið var á um í framangreindri útmælingu frá árinu 1823 og lagt hafi verið til grundvallar í lögfestunni frá árinu 1847.

Ofangreind kennileiti, sem stefnandi vill miða við, hafi verið staðfest af staðkunnugum mönnum sem hafi gengið land Baulárvalla og hnitsett landamerki þess samkvæmt örnefnum og vörðum sem vísað er til í landamerkjaskrá samkvæmt útmælingargjörðinni,

landamerkjaskrá, örnefnaskrá og landamerkjabréfum fyrir jarðirnar Lágafell, Elliða, Horn og Dal. Þá hafi jarðamörkum og kennileitum Baulárvalla verið lýst af stefnda Eggerti Kjartanssyni í drögum að leigusamningi en þessum heimildum beri að öllu saman við útmælinguna frá 1823 og lögfestuna frá 1847.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að miðlína vatnsfalls á landamerkjum ráði mörkum, ef vatnsföll deila. Þá sé einnig á því byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarðarinnar teljist eignarland stefnanda. Í þessu sambandi megi meðal annars nefna að eigandaskipti hafi orðið á jörðinni, með þessum merkjum sem stefnandi byggði á, og hafi þau ekki sætt athugasemdum fyrr.

Eigendur Syðra-Lágafells 1 hafi tekið undir dómkröfu stefnanda í málinu við meðferð málsins hjá óbyggðanefnd og í máli þessu. Formsins vegna sé þeim eigi að síður stefnt til að þola dómkröfur í málinu en ekki sé höfð uppi krafa um málskostnað úr þeirra hendi.

#### *Málsástæður stefndu annarra en eigenda Syðra-Lágafells 1*

Stefndu kröfðust í öndverðu aðallega frávísunar dómkrafna stefnanda þar sem mála-tilbúnaður og framsetning dómkrafna hafi ekki uppfyllt kröfur laga um meðferð einkamála. Þrátt fyrir að úr þeirri kröfu hafi verið leyst með úrskurði sé hún áréttuð allt að einu þar sem stefnandi hafi í raun ekki bætt úr þeim ágöllum sem séu á málatilbúnaði hans. Aðeins einni dómkröfu sé beint að hinum stefndu í andstöðu við 1. mgr. 19. gr. laganna í stað þess að sjálfstæðri kröfu sé beint að hverjum og einum varnaraðila. Brýnt hefði verið að gera sjálfstæðar kröfur á hendur eigendahóps hvernjar jarðar og setja fram sérstakar röksemdir vegna hvernjar jarðar fyrir sig. Til að mynda liggi fyrir í málinu að þrír fulltrúar stefnanda hafi samþykkt fyrirvaralaust landamerkjabréf Horns og Selvalla frá 27. maí 1889 sem afmarki svæði vestan og norðan megin við Baulárvallavatn. Þannig sé ekki uppfyllt skilyrði um að kröfur sé að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála. Stefnandi hefði þannig þurft að gera sjálfstæða kröfu á hendur hverjum og einum hinna stefndu.

Stefndu krefjast til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda og mótmæla öllum málsástæðum hans. Því sé mótmælt að Baulárvellir hafi nokkru sinni átt landamerki með þeim hætti sem greinir í dómkröfu stefnanda.

Stefndu byggja á því að aldrei hafi verið stofnað til beins eignarréttar að Baulárvöllum á grundvelli Nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776. Ekki hafi verið gætt réttra

formreglna við útmælingu landsins og hvað sem öðru líði hafi öll réttindi á grundvelli byggingarbréfs og útmælingar fallið niður þegar búseta á Baulárvöllum lagðist af um miðja 19. öldina. Í öllu falli sé útilokað að réttindi stefnanda nái til svo stórs landsvæðis sem gerð sé krafa um af hans hálfu í málinu. Öllum hnitpunktum stefnanda er mótmælt sem ósönnuðum.

Stefndu byggja á að ekki hafi verið stofnað til beins eignarréttar að Baulárvöllum til handa prófastinum Grími Pálssyni á Helgafelli. Grímur fluttist aldrei að Baulárvöllum og hætti sem prófastur 1824. Umræddur Grímur varð því aldrei „nýbýlingur“ í skilningi Nýbýlatilskipunar. Þeir sem leiði rétt sinn frá byggingarbréfi hans geti aldrei öðlast meiri rétt til landsins en hann hafði. Þá hafi ekki verið gætt að réttum formreglum við útmælinguna þar sem eigendur svonefndra umboðsjarða hafi ekki verið viðstaddir útmælinguna eins og nauðsynlegt hefði verið. Þegar af þeirri ástæðu hafi útmælingin ekki orðið grundvöllur að yfirfærslu að beinum eignarrétti.

Hafa verði hugfast að tilgangur Nýbýlatilskipunarinnar hafi fyrst og fremst verið að tryggja einstaklingum aðgang að landbúnaðarlandi sem enginn annar hagnýtti. Efni tilskipunarinnar leiðir jafnframt berlega í ljós að viðkomandi nýbýlingur öðlist einungis notkunarrétt að landi en ekki eignarréttindi. Í samræmi við það hafi verið gefið út sérstakt nýbýlabréf til viðkomandi nýbýlings þar sem réttindin hafi verið skilgreind sem *rettighed* en hvergi minnst á *ejendom*. Í þessu sambandi megi vísa til 3. gr. tilskipunarinnar þar sem segi:

*Ef nokkur kemur fram með óefanlegan eignarrétt til landsins, þá skal þó, eptir amtmannsins tilsögn, gjörast þvílík forrétting, sem áður er sagt. Finni þá sýslumaðurinn og þeir tilteknu menn, að útlendið liggur notalaust og án sérlegrar brúkunar, en gæti þó lagt af nóg rúm og hentugleika til eins nýbbýlis, þá skal þvílíkt býli upp takast, þó á þann hátt, að eigandinn hafi sinn rétt óskertan til að láta uppbyggja það ...*

Eins sé að á nýbýlingi hafi hvílt ábúðarskylda á viðkomandi nýbýli. Því hafi Grími Pálssyni verið óheimilt að versla með ábúðarréttinn með þeim hætti sem gert var. Þannig segi í 7. gr. tilskipunarinnar:

*... Eigi má honum heldur meira ánafnast, en sem álizt að vera nauðsynlegt til einnar meðalmáta góðrar jarðar, þegar hún er yrkt með kostgæfni og rækt, enn síður svo stór víðátta, að hann geti sett aðra ábúendur þar á, eður, eptir eigin þóttu, láti hana liggja óyrkta; heldur skal, hvað hann eigi nauðsynlega við þarf, verða öðrum til nota, sem síðan*

*kynnu að vilja gefa sig fram til að upptaka nýbýli, ...*

Af þessu sjáist að réttindi nýbýlingsins hafi ekki haft einkenni beins eignarréttar heldur hafi tímabundnum afnotaréttindum (rettighed) verið ráðstafað með byggingarbréfi Gríms Pálssonar. Þessa megi jafnframt meðal annars sjá stað í 12. gr. tilskipunarinnar þar sem segi:

*Finnist nokkur latur og hirðulaus, þá skal það tilkynnast Voru vestindiska og guineiska rentu- og general-(toll)kammeri, þá svoddan einn eptir sakarinnar ásigkomulagi, má vænta að missa þau fríheit, sem honum eru eptir látin, og að plázið verði einhverjum duglegri ábúanda í hendur fengið.*

Fyrir liggja að byggð á Baulárvöllum lagðist af fyrir árið 1845, líklegast 1838. Verði að leggja til grundvallar að í síðasta lagi á því tímamarki hafi öll réttindi til landsins á grundvelli Nýbýlatilskipunar fallið niður.

Í öðru lagi vísa stefndu til þess að ekkert landamerkjabréf hafi verið gert fyrir Baulárvelli í kjölfar gildistöku landamerkjalaga árið 1882. Lögin mæltu fyrir um skyldu hvers jarðeiganda til að skrá landamerki jarða sinna. Það að ekki hafi verið gert landamerkjabréf fyrir Baulárvelli sé óræk sönnun þess að sóknarnefnd Stykkishólmskirkju hafi ekki litið svo á að hún ætti eignarrétt að landi við Baulárvallavatn. Óumdeilt sé að landamerkjabréf séu þau heimildarskjöl sem hafi mest sönnunargildi þegar lagt er mat á eignarhald lands. Á sama hátt sé viðurkennt að lögfestur hafi lítið sem ekkert sönnunargildi.

Í þriðja lagi vísa stefndu til þess að stefnandi hafi samþykkt með beinum og afgerandi hætti árið 1889 að kirkjan ætti ekki allt það land sem afmarkað hafi verið í útmælingunni 1823. Vísað sé til landamerkjabréfs Horns og Selvalla frá 1889 þar sem merki jarðanna séu meðal annars sögð ráðast af Vatnaá í Baulárvallavatn og svo alla leið í Rauðsteinslæk sem einnig rennur úr Baulárvallavatni. Sóknarnefndin virðist þannig hafa litið svo á að hún ætti engin landsréttindi við Baulárvallavatn. Líklegt sé að sóknarnefndin hefði jafnframt samþykkt önnur landamerkjabréf á svæðinu á þessum tíma ef eftir því hefði verið leitað af hlutaðeigandi jarðeigendum. Engin gögn finnast heldur um að sóknarnefndin hafi mótmælt öðrum landamerkjabréfum frá þessum tíma þar sem lýst er merkjum inn fyrir það land sem afmarkað var í útmælingargjörðinni. Beint samþykki stefnanda á

landamerkjabréfi Horns og Selvalla og tómlæti við að mótmæla öðrum landamerkjabréfum á svæðinu geri það að verkum að útilokað sé að taka dómkröfur stefnanda til greina. Þar við bætist sú gríðarlega mikilvæga staðreynd að Stykkishólmskirkja gerði aldrei landamerkjabréf fyrir Baulárvelli.

Hvað eignarland Horns og Selvalla varði bendi stefndu, Jón, Ásta Ingunn, Edda og Hildur, á að Hæstiréttur Íslands hafi í fjölmörgum dómum áréttað að landamerkjabréf sé í eðli sínu samningur ef það er samþykkt af eigendum aðliggjandi jarða, sjá dóma Hæstaréttar í málum nr. 457/2011, 547/2012, 637/2014 og 127/2015. Því sé útilokað að stefnandi geti nú, tæpum 130 árum síðar, andmælt gildi landamerkjabréfs Horns og Selvalla enda hafi sóknarnefnd kirkjunnar samþykkt bréfið með fyrirvaralausum hætti. Það að Stykkishólmskirkja samþykkti landamerkjabréf Horns og Selvalla fyrirvaralaust og hirti ekki um að gera landamerkjabréf fyrir Baulárvelli í kjölfar gildistöku landamerkjalaga 1882 sé óræk sönnun þess að kirkjan hafi þá verið búin að gefa upp allt tilkall sitt til Baulárvalla.

Aðrir stefndu leggja áherslu á að efni landamerkjabréfa fyrir jarðir þeirra hljóti að leiða til þess að hafna verði dómkröfum stefnanda. Tómlæti kirkjunnar til þess að hnekkja gildandi þinglýstum landamerkjabréfum á svæðinu sé algjört. Fyrir liggir að nær allar jarðir í kringum Baulárvallavatn hafi verið konungsjarðir en orðið síðar að ríkisjörðum. Íslenska ríkið hafi því átt aðkomu að flestum landamerkjabréfum á svæðinu og beinlínis vísað til þeirra í afsölum þegar ríkið seldi jarðirnar. Um langt skeið hafi fyrirvar kirkjujarða verið hjá íslenska ríkinu.

Í fjórða lagi skuli bent á að á grundvelli Nýbýlatilskipunarinnar hafi amtmaður haft eftirlit með því að nýbýlingur uppfyllti og stæðist þær kröfur sem leiddi af tilskipuninni. Brot gegn ákvæðum hennar og önnur vanræksla gat leitt til réttindamissis. Áður sé rakið að Grímur Pálsson prófastur settist aldrei að á Baulárvöllum og að í manntalinu 1845 hafi enginn ábúandi verið þar. Í ljósi hlutverks amtsins hafi bréf þess til sýslumanns 27. mars 1889 sérstakt gildi þar sem beinlínis hafi sagt að útmælingargjörð Baulárvalla væri svo gölluð að hún hefði tæpast nokkurt gildi. Fullyrt sé í bréfinu að hið útmælda land hafi allt verið innan landamerkja Elliða, Lágafells, Dals, Horns og Hraunsfjarðar. Byggt er á því að í síðasta lagi á þessu tímamarki hafi réttindi á grundvelli byggingarbréfsins frá 1823 verið felld úr gildi.

Í fimmta lagi áréttast stefndu mótmæli við staðsetningu allra hnitpunkta stefnanda. Byggt sé á því að einstök örnefni séu ekki rétt dregin inn á uppdrátt sem fylgdi stefnu

málsins. Vegna þessa verði að hafna dómkröfu stefnanda. Stefnu hyggjast leggja fram frekari gögn um þetta atriði og útlista sjónarmið þar að lútandi við flutning málsins og við vettvangsgöngu. Þá sé byggt á því að það hafi beinlínis farið gegn ákvæðum Nýbýlatilskipunarinnar að mæla út nýbýli á fleiri hundruðum hektara af landi sem að meginstefnu til sé hálendi en ekki ræktarland. Slíkt landnám á fjalllendi fari langt út fyrir þann tilgang sem hafi búið að baki Nýbýlatilskipuninni. Eigi stefnandi einhvern rétt á svæðinu sé sá réttur í öllu falli bundinn við hið forna bæjarstæði Baulárvalla og mögulega ræktanlegt land þar í kring.

Í sjötta lagi sé byggt á því að stefndu hafi hvað sem öðru líði unnið eignarhefð að öllu landi innan dómkröfu stefnanda, samanber ákvæði hefðarlaga nr. 46/1905. Stefnu og forverar þeirra hafi nýtt landið með fjölpættum hætti um áratugaskeið. Landið hafi verið nýtt til beitar ásamt því að jarðeigendur hafi nýtt og ráðstafað veiðihlunnindum í Baulárvallavatni. Sérstök athygli sé vakin á því að landbúnaðarráðuneytið heimilaði eiganda Dals að innleysa veiðiréttindi fyrir landi jarðarinnar í Baulárvallavatni árið 1979, sbr. 3. gr. þágildandi laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Slíkt hafi ekki verið heimilt nema viðkomandi jörð ætti land að veiðivatni. Fyrir liggja að jarðeigendur og forverar þeirra hafa í tugi ára selt veiðileyfi í Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. Þegar eigendur Dals leystu til sín veiðiréttindi í Baulárvallavatni 1980 kom eftirfarandi fram í matsgerð um verðmæti og umfang réttindanna:

*Silungsveiði er talin hafa verið nokkuð góð í Baulárvallavatni, en gögn um veiðina eru af mjög skornum skammti. Jón Thors, deildarstjóri í dómsmálaráðuneyti, hefur gefið skýrslu í málinu, dags. 22. maí 1979. Kveður hann, að db. Lorentz Thors, sem veiðirétt hefur átt í Baulárvallavatni og Hraunsfjarðarvatni, hafi selt um það bil 130-150 veiðileyfi í báðum vötnunum saman ári á undanförunum árum.*

Síðast en ekki síst sé bygging Múlavirkjunar til styrktar sýknukröfum byggðum á sjónarmiðum um hefð. Stíflumannvirki sem séu innan ágreiningssvæðisins hafi verið reist fyrir meira en 15 árum síðan án nokkurra athugasemda stefnanda. Virkjunin hafi farið í gegnum fjölpætt skipulagsferli og aflað hafi verið opinberra leyfa fyrir rekstrinum. Þrátt fyrir að auglýsingar þar um hafi verið birtar með opinberum hætti hafi stefnandi aldrei gert athugasemdir þótt stíflurnar séu staðsettar innan ágreiningssvæðisins. Þá skal því haldið

til haga að eigendur Dals, Hofstaða og Horns hafi gert leigusamninga sem taka til svæðisins.

Framangreind hagnýting, ráðstafanir, umsýsla og framkvæmdir innan ágreinings-svæðisins séu að mati stefndu svo umfangsmiklar að þeir hafi í öllu falli eignast fyrir hefð það land sem tiltekið er í landamerkjabréfum jarðanna og liggur að Baulárvallavatni.

Stefndu vilja að lokum benda á að íslenska ríkið hafi tekið á árinu 1907 við umsýslu á öllum jörðum kirkjunnar, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta, og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða. Íslenska ríkið hafi farið með umræddar eignir að mestu leyti eins og hefðbundnar ríkisjarðir stærstan hluta 20. aldar. Með svokölluðu kirkjujarðasamkomulagi árið 1997 var svo endanlega staðfest að ríkið væri eigandi að öllum jarðeignum kirkjunnar fyrir utan prestsetrin sjálf. Á grundvelli þessa krefjast stefndu einnig sýknu af öllum kröfum stefnanda.

#### *Niðurstaða*

Stefnandi krefst í máli þessu viðurkenningar á landamerkjum Baulárvalla í Eyja- og Miklaholtshreppi gagnvart aðliggjandi jörðum sem eru talið réttisælis frá Straumfjarðará þar sem hún fellur úr Baulárvallavatni: Hofstaðir, Ytra-Lágafell, Syðra-Lágafell, Elliði, Hraunsfjörður, Horn og Selvellir og Dalur. Til grundvallar viðurkenningarkröfu sinni byggir stefnandi á útmælingargjörð sem framkvæmd var 7. júlí 1823 sem og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 1847. Byggir stefnandi á því að ekki sé efnislegur munur á þessum heimildum þótt orðalag vegna þriggja auðkenna sé ólíkt. Þrátt fyrir að stefndu, aðrir en eigendur Syðra-Lágafells, hafi mótmælt þessari afmörkun Baulárvalla í greinargerð og þeim hnitum sem þar eru tilgreind hafa stefndu ekki fylgt þessum mótmælum eftir og fært fram málefnaleg rök fyrir þeim. Verður sú afmörkun sem getur að líta í dómkröfu stefnanda því lögð til grundvallar við úrlausn málsins.

Leyst var úr kröfu þeirra stefndu um frávísun sem slíka kröfu gerðu með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands 16. júní 2021. Þar var kröfunni hafnað þar sem ekki var talið að slíkri vanreifun væri til að dreifa að færi í bága við 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála og að skilja yrði kröfugerð stefnanda þannig að krafist væri viðurkenningar á tilteknum réttindum gagnvart hverjum og einum stefndu en ekki stefndu í einu lagi. Þannig færi framsetning kröfugerðarinnar ekki í bága við ákvæði 19. gr. sömu laga. Undir rekstri málsins hafa forsendur ekki breyst þannig að kalli á frekari umfjöllun um frávísun málsins í heild að svo komnu, sbr. 3. mgr. 100. gr. laganna, enda hafi frekari gagnaöflun átt sér stað sem varpað hefur skýrara ljósi á atvik málsins.

Í málinu njóta eigendur Syðra-Lágafells sérstöðu meðal stefndu. Þessi stefndu, Borghildur Gunnarsdóttir, Jens Jóhannsson, Kristján Már Magnússon, Ingibjörg Magnúsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Jóhann M. Kristjánsson, Sveinn Magnússon, Ingibjörg Sveina Þórisdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Svava Guðrún Margrétardóttir, Einar Björn Þórður Þórisson, Sigfús Axfjörð Gunnarsson, Hafdís Lind Hafsteinsdóttir, Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir og Birgitte Möhl, hafa lýst því yfir að þau viðurkenni landamerki Baulárvalla og samþykki kröfu stefnanda en í því felst að þau telja rétt sinn til fjallendis takmarkast af landamerkjum Baulárvalla í samræmi við dómkröfu stefnanda. Hvorki stefndu né stefnandi hafa uppi málskostnaðarkröfur gagnvart hvor öðrum.

Sú réttarstaða sem uppi er gagnvart þessum stefndu hefur þó ekki áhrif umfram yfirlýsingu þeirra svo langt sem hún nær enda ráðstafa þau ekki hagsmunum annarra stefndu með henni. Eina álitafnið sem eftir stendur hvað þessi stefndu snertir eru mótmæli sem fram komu við málflutning af hálfu eigenda Hoffells og Ytra-Lágafells um að eigendur Syðra-Lágafells ættu engin þau réttindi í fjallendinu sem um ræðir við Baulárvelli sem þau gætu ráðstafað. Eigendur Syðra-Lágafells hefðu ritað á sínum tíma undir sameiginlegt landamerkjabréf Ytra-Lágafells og Hofsstaða, 20. apríl 1964, sem feli í sér yfirlýsingu eigenda þessara síðarnefndu jarða um það hvaða landsvæði jarðirnar eigi á fjallendinu við Baulárvallavatn allt að vatninu, án tillits til afmörkunar Baulárvallajarðarinnar og hvernig það afmarkist gagnvart aðliggjandi jörðum, Elliða og Dal. Þess sé í engu getið að Syðra-Lágafell eigi nokkurn rétt til þessa landsvæðis.

Fyrir liggur að þáverandi eigendur Syðra-Lágafells, sem núverandi eigendur leiða rétt sinn frá, rituðu undir landamerkjabréfið sem almennt mætti ætla að fæli í sér viðurkenningu á réttindum hinna jarðanna tveggja, Ytra-Lágafells og Hofsstaða, til landsvæðisins. Væri slíkri viðurkenningu til að dreifa fæli það í sér að samþykki eigenda Syðra-Lágafells á dómkröfu stefnanda væri þýðingarlaust.

Þar sem á hinn bóginn hvorugur þessara aðila, eigendur Hofsstaða og Ytra-Lágafells annars vegar og Syðra-Lágafells hins vegar, hafa beint málsókn að hinum til að knýja á um að fá rétt sinn staðfestan hvað þetta álitafni snertir eru ekki forsendur til að slá því föstu í máli stefnanda á hendur stefndu hvernig réttarstaðan er milli þessara stefndu í þessum efnum. Ótvírætt er enda að eigendur Syðra-Lágafells ráðstafa ekki hagsmunum

annarra stefndu heldur einungis eigin aðlægum réttindum sem takmarkist af landamerkjum Baulárvallajarðarinnar svo langt sem þau ná. Verður því fallist á dómkröfu stefnanda gagnvart eigendum Syðra-Lágafells.

Svo vikið sé að sýknukröfum stefndu, annarra en eigenda Syðra-Lágafells, byggjast sameiginlegar varnir þeirra á þeirri grundvallarmálsástæðu að ekki hafi verið réttilega staðið að stofnun nýbýlis við Baulárvallavatn þannig að eignarréttur hafi verið færður í hendur nýjum eiganda, Grími Pálssyni prófasti, 1823. Þar hafi verið slíkir formgallar á að réttur til nýbýlis hafi aldrei stofnast í raun. Hafi nýbýlið stofnast þá hafi réttindi tengd þeirri stofnun fallið niður strax um miðja 19. öldina er búskapur, sem hafi verið slitróttur, hafi endanlega lagst af og jörðin farið í eyði.

Í málinu liggja fyrir ítarleg samskipti er lúta að Baulárvöllum og stofnun nýbýlis þar sem varpa skýru ljósi á að gerningur sá að mæla út nýbýli var mjög umdeildur allt frá öndverðu er hugmynd Gríms Pálssonar prófasts um að fá mælt út nýbýli kom fyrst fram, 9. desember 1822. Nábylingar mótmæltu þá þegar skriflega með svonefndri minnisgrein 20. desember 1822 en töluðu fyrir daufum eyrum yfirvalda. Fór útmælingin fram 7. júlí 1823 eftir að hafnað hafði verið öllum mótmælum bænda sem mætt höfðu til útmælingarþingsins sem sýslumaður hélt af þessu tilefni. Amtmaður gaf í kjölfarið út leyfisbréf fyrir stofnun nýbýlisins 15. ágúst 1823 og var byggingarbréf nýbýlisins Baulárvalla þinglesið á manntalsþingi að Saurum 28. maí 1825.

Hvernig staðið var að stofnun þessa nýbýlis sýnist hafa orkað mjög tvímælis. Er í raun fyrst til þess að líta að vafasamt verður að telja að það hafi samrýmst tilgangi og efni Nýbýlatiskipunarinnar að mæla út nýbýli fyrir prófast á Helgafelli í Helgafellssveit, en af hans eigin skrifum má ráða að hann hafi ekki haft í hyggju að taka upp eigin búsetu á fjalllendi við Baulárvelli heldur tryggja sér í orði kveðnu beit og grasnytjar fyrir búfénað sinn. Sú ráðagerð virðist svo hafa orðið endaslepp enda var þinglesið tilboð frá honum á manntalsþingi 28. júní 1828 þar sem hann bauð nýbýlið Baulárvelli til eignar eða ábýlis. Endanlega seldi hann eignina 1844 eftir að hafa átt jörðina einn eða með öðrum frá 1823 til 1844. Sýnist ekki óvarlegt að álykta að með þessari útmælingu hafi prófastur haft annað í hyggju en að efla hefynd búskapar síns, enda næsta sérstætt að ætla að sækja upp á fjöll í þeim tilgangi í harðindatíð sem hann tilgreindi sem ástæðu. Er þess þá ógetið hve viðurhlutamikil slík ráðagerð hafi verið gagnvart þeim bændum sem nýtt höfðu svæðið til beitar fram til þess tíma að nýbýlið var stofnað, enda undu þeir afar illa við og rituðu meðal annars ítarleg erindi til sýslumanns, fyrst 20. desember 1822 áður

en nýbýlið var mælt út eins og áður gat, og svo með bréfi sem ritað var 27. maí 1843. Þar gerðu þeir grein fyrir þeirri afstöðu að með útmælingu nýbýlisins hefði verið gengið á þeirra rétt og ætti að fella nýbýlið niður.

Síðastnefnt erindi erindi bænda varð til þess að sýslumaður beindi fyrirspurn til amtmanns 8. ágúst það ár hvort réttilega hefði verið staðið að stofnun nýbýlisins með hliðsjón af ákvæðum Nýbýlatiskipunarinnar. Því erindi svaraði amtmaður 25. ágúst og lýsti efasemdum um að skilyrði hefðu verið uppfyllt samkvæmt tilskipuninni til að stofna til nýbýlis að Baulárvöllum. Amtmaður lýsti á hinn bóginn einnig efasemdum um að ætlaður eigandi hefði misst þann rétt sem til hefði verið stofnað á þennan hátt. Virðist sú afstaða í raun vera í samræmi við afstöðu bænda sjálfra sem birtist í bréfi þeirra þar sem tekið var fram hvað stofnun nýbýlisins varðaði *og er ei frammar um að tala*. Stofnun þess væri staðreynd sem ekki þyrfti frekar um að fjalla. Þeirra hugur stóð til að það yrði fellt niður með *dóms atkvæði* eins og það var orðað.

Mestum vafa varpar þó á tilurð nýbýlisins að hlutrænt liggur fyrir að umboðsmaður konungs, eiganda flestra jarðanna, var ekki boðaður á útmælingarþingið. Sýnist engum blöðum um það að fletta að samkvæmt efnisgrein 2 í tilskipuninni frá 1776 hafi verið skylt að boða eigendur jarða til útmælinga, enda beinlínis tekið fram að útivist einstakra eigenda myndi ekki stöðva framkvæmd útmælingar heldur valda viðkomandi mótbárumissi ef hann léti mætingu undir höfuð leggjast.

Stofnun nýbýlisins kom einnig til umfjöllunar í öðru samhengi. Þannig kom álagning tíundar vegna Baulárvalla til umfjöllunar á vegum yfirvalda, sýslumanns og amtmanns, 1858 og 1859 að tilhlutan hreppstjóra í Helgafellssveit. Tilfni þess var að þáverandi eigandi Baulárvalla, séra Sveinn Níelsson á Staðarstað, sem hafði eignast jörðina 1855, neitaði að greiða tíund af henni þar sem slíka ætti ekki að greiða af eyði- eða afréttarlöndum. Hann færði þau rök fyrir afstöðu sinni að hann hefði gefið sveitungum sínum kost á að nota landsvæðið til afréttar enda beinlínis keypt það í þeim tilgangi. Bæði sýslumaður og amtmaður fjölluðu um ágalla á framkvæmd útmælingarinnar og þá sérstaklega að umboðsmaður konungs hafi ekki verið boðaður. Í bréfi sýslumanns 8. febrúar 1859 er gerð sérstök athugasemd við að umboðsmaður hefði ekki verið boðaður til útmælingarinnar en fyrst til nýbýlisins hefði verið stofnað á þeim grunni verði að greiða tíund af nýbýlinu þar til eigandi þess geti sannað á lögboðinn hátt, eins og það var orðað, að nýbýlið væri ekki lengur byggjanlegt og brýna nauðsyn bæri að leggja það í eyði. Í áður nefndu bréfi amtmanns, sem lagt er til grundvallar í málinu að hafi verið

dagsett 26. mars 1859, féllst hann ekki á afstöðu sýslumanns um að greiða ætti tíund af Baulárvöllum. Annars vegar vegna þess galla á stofnun nýbýlisins sen fyrr er nefndur, að umboðsmaður konungs hafi ekki verið boðaður, og hins vegar sökum þess að allt það land sem hafi verið útmælt á Baulárvöllum hafi áður verið innan landamerkjanna annarra jarða, þar á meðal konungsjarðanna, Elliða, Lágafells, Dals, Horns og Hraunsfjarðar. Tíund þeirra hefði ekki verið lækkuð við þá skerðingu sem útmælingin hefði haft í för með sér þannig að þótt ekki væri greidd tíund vegna Baulárvalla myndu hlutaðeigandi tíundartakar ekki líða neinn halla við, eins og það var orðað. Fjallaði amtmaður síðan um að í raun félli stofnun Baulárvalla ekki að skilyrðum Nýbýlatilskipunarinnar til að jörðin teldist nýbýli í lagalegum skilningi, fremur væri um hjáleigu að ræða út frá þeim jörðum sem hjáleigan heyrði undir. Klykkti amtmaður síðan út með því að hann teldi ekki ástæðu til að úrskurða tíundargjald af Baulárvöllum en hlutaðeigendum væri heimilt, ef þeir svo kysu, að leggja mál þetta til landslaga og réttar. Engar upplýsingar liggja fyrir um að opinber gjöld hafi verið greidd af jörðinni frá þessum tíma, hvorki tíund né seinni tíma fasteignagjöld. Þá hefur því ekki verið hreyft að efnt hafi verið til málsóknar af þessu tilefni.

Af framanritaðri umfjöllun má ráða að þrátt fyrir að embættismenn teldu ýmislegt vera við stofnun Baulárvalla að athuga, og það svo mjög að ekki bæri að greiða tíund af jörðinni, kváðu þeir ekki úr um það að útmælingin og byggingarbréf nýbýlisins væru ógild. Amtmaður virðist í raun vísa til þess og lýsa þeirri afstöðu, bæði í bréfi sínu frá 25. ágúst 1843 og í bréfinu frá 26. mars 1859, að það sé dómstóla að leysa úr slíkum álitaeftum. Þeirri skoðun deildu bændur með amtmanni. Virðist sú afstaða, ef rétt er í ráðið, í góðu samræmi við lokaorð efnisgreinar nr. 7 í Nýbýlatilskipuninni sem eru svo hljóðandi: *Skyldi það upp koma, að í þessu hafi verið með ánöfnunar-forréttingunni brúkað nokkuð undirferli, skal það vera ógilt, ef þar uppá í framtíðinni skeður lögleg ákæra.* Gerningar verða samkvæmt þessu ekki ógildir sjálfkrafa í samræmi við tilskipunina heldur er það háð löglegri ákæru, sem svo var nefnd í henni. Eðli máls samkvæmt má vænta þess að úr slíkri ákæru yrði að leysa fyrir dómstólum.

Með hliðsjón af framanrituðu verður ekki á þá málsástæðu stefndu fallist að ekki hafi stofnast til eignarréttar yfir Baulárvöllum við útgáfu byggingarbréfs. Þótt notað hafi verið ónákvæmt orðalag, svo sem réttindi (danska: rettighed) í stað eignarréttar (danska: ejendom), leikur ekki vafi á að beinum eignarrétti er afsalað ítrekað eftir að jörðin komst úr eigu Gríms Pálssonar. Á síðustu 180 árum tæplega hefur því aldrei verið hreyft að um

vanheimild hafi verið að ræða af hans hálfu er hann seldi jörðina 1844. Á slíku tómlæti um gæslu eigin hagsmuna verða stefndu að bera ábyrgð í þessu tilliti.

Til sanns vegar má færa að útmæling nýbýlis að Baulárvöllum og eftirfarandi útgáfa byggingarbréfs hafi í skilningi Nýbýlatilskipunarinnar farið forgörðum er búskapur lagðist af. Á hitt er hins vegar að líta í samræmi við framanrakið að þinglýst eignarréttindi úreldast ekki ef þeim er á annað borð til að dreifa. Þótt tilgangurinn með tilskipuninni hafi verið að auka veg landsmanna með því að skapa forsendur til búreksturs á vannýttu landi fellur byggingarbréf Baulárvalla ekki sjálfkrafa úr gildi þótt þeim tilgangi hafi ekki verið náð.

Á þeim rétt tæpu 200 árum sem liðin eru frá því að nýbýlið Baulárvellir var stofnað árið 1823 hefur enginn efnt til málsóknar í þeim tilgangi að fá þann gerning dæmdan ógildan. Stefndu í máli þessu hafa haldið ógildi fram sem málsástæðu til sýknu en hafa ekki gagnstefnt málinu og gert slíka kröfu. Í ljósi framanrakinnar afstöðu þeirra embættismanna sem höfðu málefni sem þessi á sínum herðum á 19. öldinni sem og efnis Nýbýlatilskipunarinnar og þess að málsókn stefnanda byggir á þinglýstu afsali eru að mati dómsins ekki forsendur til að fallast á þá málsástæðu að stofnun nýbýlisins Baulárvalla sé ógild frá öndverðu eða hafi fallið niður þar sem tilgangi nýbýlisins hafi ekki verið náð.

Stefndu hafa einnig haft uppi kröfu um að réttindi yfir Baulárvöllum hafi í raun liðið undir lok í verki eftir að stefnanda var gefin jörðin 9. september 1882. Fyrr á því ári, 17. mars 1882, höfðu landamerkjälög verið sett sem kváðu á um skyldu landeigenda til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Þá lýsingu bar svo að sýna hverjum þeim sem land átti til móts við viðkomandi jarðeiganda. Stefnandi brást ekki við þessari skyldu þannig að landamerkjabréf var aldrei útbúið fyrir Baulárvelli. Þá voru ekki gerðar athugasemdir af hálfu stefnanda við landamerkjabréf jarðanna Hofsstaða, Ytra- og Syðra-Lágafells, Elliða, Hraunsfjarðar og Dals sem voru gefin út á árbilinu 1886 til 1890 svo vitað sé, auk þess sem landamerkjabréf Horns og Selvalla sem gefið út 1889 var beinlínis áritað af hálfu stefnanda. Af þessum framgangsmáta draga stefndu þá ályktun að stefnandi hafi í raun ekki litið svo á að hann ætti Baulárvelli.

Á þessa málsástæðu stefndu verður ekki fallist. Þótt stefnandi hafi ekki hafst að við að útbúa landamerkjabréf fyrir Baulárvelli verða engar ályktanir dregnar í þessa veru þótt stefnandi hafi ekki andmælt landamerkjabréfum jarðanna Hofsstaða, Ytra- og Syðra-Lágafells, Elliða, Hraunsfjarðar og Dals. Ekkert liggur fyrir í málinu um að eigendur

Þessara jarða hafi sinnt þeirri lagaskyldu samkvæmt 3. gr. landamerkjálaga að sýna stefnanda merkjalýsingu þessara jarða gagnvart Baulárvöllum. Eins blasir við að skyldunni til að afla undirskrifta og afhenda bréfin þannig árituð til sýslumanns, sbr. 3. gr., sbr. 4. gr. laganna, hefur ekki verið sinnt af hálfu stefndu, að eigendum Horns og Selvalla undanskildum eins og nánar verður vikið að hér síðar.

Í þessu samhengi er einnig til þess að líta að stefnandi leigði Stykkishólshreppi eign sína, Baulárvelli, þar með talið beit og veiðirétt í Baulárvallavatni, 1. ágúst 1942. Byggt er á því af hálfu stefnanda að þessi samningur sé enn í gildi og greiðslur berist frá sveitarfélaginu á þeim grunni, þótt með óreglulegum hætti sé, eftir því sem fram kom í skýrslutökum fyrir dómi. Stefndu hafa ekki rengt þessa frásögn eða mótmælt sem ósannaðri.

Eins verður að nefna að deilur spruttu um eignarrétt Baulárvalla 1964 sem meðal annars birtust í ritdeilu í dagblöðum og landamerkjabréfum sem gefin voru út af eiganda Elliða og svo af eigendum Ytra-Lágafells og Hofstaða sameiginlega, en í báðum þessum landamerkjabréfum var gerð ítarleg grein fyrir þeirri afstöðu þessara jarðaeigenda að þeir ættu réttindi allt að Baulárvallavatni án tillits til útmælingar og byggingarbréfs Baulárvallajarðarinnar frá 1823. Stefnandi lét þinglýsa sérstökum mótmælum gegn þessum landamerkjabréfum með vísan til lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 1847 og gjafabréfs Egils Sveinbjörnssonar Egilssonar frá 9. september 1882.

Með hliðsjón af framanröktum málsatvikum, sem áttu sér stað eftir að stefnandi fékk Baulárvelli gefna, eru engar forsendur til að telja eignarréttindi stefnanda niðurfalinn fyrir vangeymslu eða á annan hátt. Eins verður ekki á það fallist að stefndu hafi unnið eignarrétt á einstökum hlutum af jörðinni Baulárvöllum, í samræmi við framangreind landamerkjabréf, á grundvelli hefðar, sbr. lög nr. 46/1905, enda liggur fyrir að eignarréttur fasteigna verður ekki hefðaður þegar sá sem slíku vill halda fram er grandsamur um þinglýst skilríki annars aðila fyrir eignarrétti á viðkomandi landsvæði. Eins og rakið er hér að framan hefur eigendum og ábúendum þeirra jarða sem stefndu leiða rétt sinn frá, sem og stefndu sjálfum eftir því sem upplýst er, verið fullkunnugt um útmælingargjörðina frá 1823 og þinglýst réttindi stefnanda. Í ljósi þeirrar grandsemi verður ekki fallist á að stefndu hafi öðlast eignarréttindi að umþrættu landsvæði fyrir hefð. Öðru kann að vera til að dreifa um notkunarréttindi sem kynnu að falla undir 7. gr. laganna um hefð og hefð ítaka samkvæmt 8. gr. laganna. Ekki eru forsendur til að leysa úr slíkum álitafnum í dómsmáli þessu eins og málið er lagt fyrir dóminn af hálfu aðila.

Einnig verður að geta þess að mótmæli 19. aldar manna við stofnun og tilvist Baulárvallajarðarinnar, sem gerð hefur grein fyrir í málinu, voru þannig fram sett að þau verða tæpast skilin svo að með þeim hafi jarðeigendur eða ábúendur verið að standa vörð um eignarrétt eigin jarða. Miklu heldur verður að skilja framgöngu þeirra svo að bændur í viðkomandi sveitum, beggja megin Snæfellsnesfjallgarðsins, hafi talið sig eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta varðandi nytjar þessa landsvæðis. Það er fyrst í lok aldarinnar, í tilefni af lögfestingu landamerkjaganna 1882, sem lýst er eignarrétti til svæðisins að Baulárvallavatni í landamerkjabréfum.

Stendur þá eftir að taka afstöðu til dómkröfu stefnanda gagnvart hverjum jarðeiganda sem stefnandi hefur stefnt fyrir dóm í málinu og haft uppi kröfu gagnvart landi þeirra hvers fyrir sig eins og skilja ber dómkröfu stefnanda, sbr. 19. gr. laga um meðferð einkamála.

Sé fyrst vikið að jörðinni Hofsstöðum er þess að gæta að hún var ekki í konungseigu á þeim tíma sem útmælingin fór fram en sameiginleg landamerkjalyásing jarðarinnar og Ytra-Lágafells lýtur að hluta til að landsvæði sem óumdeilt er að fellur undir kröfugerð stefnanda sem land Baulárvalla. Í þessu samhengi verður þó að horfa til réttarstöðu eiganda Hofstaða einangrað, sá réttur getur hvorki batnað né versnað vegna sjónarmiða sem geta varðað hagsmuni eigenda Ytra-Lágafells. Ekki var sótt þing vegna Hofstaða við útmælingargjörðina 1823 sem hefði að óbreyttu þær afleiðingar að eigendur Hofstaða væru bundnir af þeirri gjörð í krafti útivistar í samræmi við 2. efnisgrein Nýbýla-tilskipunarinnar. Að auki er til lögfestu að líta sem gerð var vegna Hofstaða 1774 þar sem merkjum jarðarinnar virðist vera lýst til muna sunnar en svæði það sem stefnandi byggir á að tilheyri Baulárvöllum. Hvorki þessi tilgreinda heimild né aðrar eldri skjóta stoðum undir þær landamerkjalyásingar sem eigendur Hofstaða hafa staðið að síðar, svo sem í landamerkjabréfi sem útbúið var 1890. Loks verður ekki framhjá því litið að stefndi Eggert Kjartansson, eigandi Hofstaða, beinlínis falaðist eftir því við stefnanda að taka Baulárvelli á leigu 12. mars 2014. Því er vissulega hreyft í orðsendingu stefnda að ágreiningur sé um eignarhaldið á Baulárvöllum en framsetning erindis hans og röksemdir sem þar eru reifaðar skjóta stoðum undir málatilbúnað stefnanda um grandsemi þessa stefnda um þinglýstan eignarrétt stefnanda. Verður því fallist á dómkröfu stefnanda gagnvart þessum stefnda eins og nánar er gerð grein fyrir í dómsorði.

Hvað Ytra-Lágafell snertir liggur fyrir að Lágafell var konungsjörð er útmælingin fór fram þannig að sá ágalli að umboðsmaður konungs var ekki boðaður til gerðarinnar á við

um þessa jörð. Ekki verður þó lagt til grundvallar að þessi ágalli leiði til þess að litið verði framhjá útmælingargjörðinni. Þá liggur jafnframt fyrir að landi þessarar jarðar er fyrst lýst í andstöðu við þinglýsta eignarheimild stefnanda vegna Baulárvalla 1964 og þá með sameiginlegri yfirlýsingu með eigendum Hofsstaða án nánari afmörkunar milli þeirra jarða. Eldri lýsingum er ekki til að dreifa sem lúta að þessum merkjum. Í ljósi opinberrar umræðu á þeim tíma og orðalags landamerkjabréfsins sýnist blasa við að þinglýsingu þess hafi verið stefnt gegn hagsmunum stefnanda vegna Baulárvalla en við þeirri þinglýsingu brást stefnandi með þinglýstri yfirlýsingu þar sem þinglýsingunni var mótmælt. Í ljósi framangreinds þar sem réttindi stefndu til Baulárvalla eru ósönnuð sýnist einboðið að krafa stefnanda verði tekin til greina gagnvart stefndu Magnúsi Elíassyni, Erlu Elíasdóttur og Elíasi Fells Elíassyni, eigendum jarðarinnar Ytra-Lágafells, eins og nánar greinir í dómsorði.

Að sama bruni ber gagnvart eiganda jarðarinnar Elliða. Ábúandi Elliða mætti til útmælingarinnar 1823 en þar var bókað eftir honum að ábýlisjörð hans ætti ekkert annað tilkall til Baulárvalla en að hagnýta þá sem afrétt ásamt öðrum jörðum í Staðarsveit sem gert hefði verið um langa hríð. Í landamerkjabréfi sem gert var 1888 var merkjum ekki lýst gagnvart fjallendinu. Það er fyrst 1964 sem yfirlýsingu um landamerki er þinglýst þar sem gerð er grein fyrir landamerkjum sem nái norður að Baulárvallavatni í andstöðu við þinglýst réttindi stefnanda, sem mótmælti yfirlýsingunni með eigin þinglýstri yfirlýsingu 1964. Í ljósi þessa verður fallist á kröfu stefnanda gagnvart stefnda, Múlavirkjun hf., eiganda jarðarinnar Elliða, eins og nánar greinir í dómsorði enda er betri réttur stefnda Baulárvalla ósannaður.

Hvað eigendur jarðarinnar Hraunsfjarðar snertir verður einnig fallist á kröfu stefnanda. Ekki var sótt þing við útmælingargjörðina 1823 af hálfu ábúanda vegna hagsmuna jarðarinnar en jörðin var þá konungseign. Ekki liggja fyrir heimildir um að staðsetning nýbýlis að Baulárvöllum hafi sætt andmælum af hálfu eigenda eða ábúenda Hraunsfjarðar að öðru leyti en því að ráða má af landamerkjabréfi sem útbúið var 1888 að merkjum jarðarinnar hafi verið lýst án tillits til Baulárvalla. Þess er þó að geta að hagnýting veiðiréttinda í Hraunsfjarðarvatni veitir takmarkaða vísbendingu í málinu enda liggur drjúgur hluti vatnsins utan ágreiningssvæðis máls þessa en innan marka jarðarinnar Hraunsfjarðar. Í ljósi þessa verður fallist á kröfu stefnanda gagnvart stefndu Jóni Thors og Ástu Ingunni Thors, eigendum jarðarinnar Hraunsfjarðar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Þótt svo hátti til að jarðirnar Horn og Selvellir séu ekki í eigu sömu aðila nú verður ráðið af gögnum málsins að í því tilliti sem hér um ræðir reyni með sambærilegum hætti á hagsmuni sem tengjast þessum jörðum. Báðar voru jarðirnar konungsjarðir þegar útmæling Baulárvalla fór fram 1823 en ábúandi jarðarinnar Horns sótti þá þing. Þar lýsti ábúandinn því að hann teldi jörðina ekki eiga tilkall til Baulárvalla sem slíkra, sem eru sunnan Baulárvallavatns, en kvað gamla menn segja Horn eiga land að Vatnaá sem rennur milli Hraunsfjarðarvatns og Baulárvallavatns og allt að Rauðalæk, sem svo er nefndur, sem sagt norðan Baulárvallavatns. Bókað var við útmælingargjörðina að *eckert skriflegt authentískt bevis kunní hann hér fyrir ad færa*. Virðist af þeim orðum enginn gaumur hafa verið gefinn að því að hann var ekki eigandi eða fulltrúi eiganda. Gerð var svokölluð landamerkjaskrá fyrir þjóðeignina Horn og Selvelli, sem svo var nefnd í skjalinu, 30. apríl 1889. Þar var annars vegar lýst merkjum milli Horns og Hraunsfjarðar. *Þar á milli ræður Hraunsfjarðará frá sjó upp að Giltugili, þaðan sjónhending í Hraunsfjarðarvatn svo ræður Vatnaá til Baulárvallavatns. Þaðan aftur í Rauðsteinslæk, og ræður sá lækur í fjall upp, þaðan aftur sjónhending í svo kallaða sátu*. Hins vegar var lýst merkjum Selvalla og jarðarinnar Bersekjahrauns og verður ekki ráðið af upptalningu kennileita að jörðin Selvellir hafi verið skert þegar nýbýlið Baulárvelli var mælt út. Í stefnu er ekki gerð grein fyrir kröfugerð gagnvart þessum tveimur jörðum á annan hátt en að vísa til þess að óbyggðanefnd hafi talið að önnur hvor jörðin Horn eða Selvellir nái inn á það svæði sem stefnandi geri kröfu um að tilheyri Baulárvöllum. Þrátt fyrir svo ófullburða máltilbúnað gerist ekki þörf á að vísa kröfum vegna Selvalla frá dómi vegna vanreifunar þar sem næsta afdráttarlaust sýnist hægt að draga þá ályktun af fyrirbyggjandi gögnum að merki Selvalla séu utan ágreiningssvæðisins. Úrslitum ræður þó sú ástæða að undir sameiginlega landamerkjaskrá jarðanna Horns og Selvalla ritaði sóknarnefnd stefnanda 27. maí 1889. Landamerkjaskránni var við svo búið þinglýst 13. júní 1889 á manntalsþingi í Stykkishólmi. Stefnanda er ekki tækt að draga í efa nú, ríflega 130 árum síðar, að þá þrjá menn sem undirrituðu skjalið sem *sóknarnefndin* hafi skort umboð til að koma fram fyrir hönd stefnanda, líkt og hreyft var við aðameðferð málsins. Óumdeilt er með aðilum að í það minnsta tveir af þremur mönnum sem rituðu undir bréfið hafi verið mjög vel þekktir í Stykkishólmi á þeirri tíð. Vænta má að í síðasta lagi á nefndu manntalsþingi 13. júní 1889 hafi orðið tilefni til að gera athugasemdir við undirritun þeirra hefðu rök staðið til þess. Að sama skapi verður ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda að undirritun sóknarnefndar stefnanda hafi verið ógild þar sem kveðið hafi verið á um bann við

framsali Baulárvalla í gjafaafsali Egils Sveinbjarnarsonar Egilssonar. Stefnandi sýnist hafa haft ærinn tíma til að vefengja heimildir sóknarnefndar sinnar og krefjast ógildingar á þeirri áritun sem þeir stóðu að. Í þessum efnum áréttast að stefnanda er ekki tækt að líta svo á að undirritanirnar séu ógildar frá upphafi *nullitet*. Þeim verður ekki vikið til hliðar, gagnaðila stefnanda til tjóns, nema með dómi og þá að því gefnu að forsendur standi til þess. Áréttað skal að gjafaafsal Egils fól ekki í sér nein viðurlög eða kvað á um viðbrögð ef stefnandi brygðist þeim skilmálum sem gjöfinni fylgdu.

Með hliðsjón af framanrituðu verður lagt til grundvallar að stefnandi hafi samþykkt 27. maí 1889 að gefa eftir landsvæði sem nemur því svæði sem landamerkjaskrá Horns og Selvalla kveður á um. Stefnandi hafi þannig samþykkt að andspænis þessum tveimur jörðum mætist landamerkjálína jarðanna á miðri línu þeirra merkja sem stefnandi byggir á þar sem línan sker miðju Hraunsfjarðarvatns, þaðan liggi línan í Vatnaá sem ráði merkjum milli Hraunsfjarðarvatns og Baulárvallavatns. Svo liggi línan að Rauðsteinslæk, sem nefndur hafði verið Rauðilækur við útmælingargjörðina og í kröfugerð stefnanda, og þaðan upp í fjall.

Úr því hefur oft verið leyst fyrir Hæstarétti að þegar eigendur aðliggjandi jarða rita samþykki sitt á landamerkjabréf feli landamerkjabréfið í sér samning, samanber til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 127/2015 frá 15. október 2015. Aðilar hafa þannig samið um að landamerkjabréfið feli í sér rétta afmörkun landamerkja. Við þann samning er stefnandi bundinn enda engar forsendur til að leggja til grundvallar að málefnanlegar forsendur séu fyrir því að rengja samninginn þrátt fyrir að hann fari gegn beinu orðalagi gjafaafsalsins. Landamerkjabréfið var áritað og þinglesið fáum dögum síðar á manntalsþingi 1889. Það er fyrst með þessari málsókn sem stefnandi hreyfir því að áritun af hans hálfu á landamerkjabréfið sé ógild. Á slíku stórfelldu tómlæti ber enginn ábyrgð annar en stefnandi. Við þennan gerning er stefnandi bundinn enda hafa jarðirnar Horn og Selvellir verið keyptar eftir þennan tíma og því ótækt að stefnanda sé tækt að brigða úr höndum grandlausra kaupenda þessum hluta landsvæðisins sem mælt var út sem hluti nýbýlisins Baulárvalla.

Í samræmi við framanritað verða stefndu Edda Thors og Hildur Thors, þinglýstir eigendur jarðarinnar Horns, og stefndu Jón Thors og Ásta Ingunn Thors, sem þinglýstir eigendur jarðarinnar Selvalla, sýknuð af öllum kröfum stefnanda, vegna þessara jarða.

Er þá ónefnd krafa á hendur eiganda jarðarinnar Dals. Sú jörð var konungsjörð þegar útmæling Baulárvalla fór fram 1823 en ábúandi jarðarinnar sótti þing er hún fór fram.

Þar lýsti ábúandinn því að hann teldi jörðina ekki eiga tilkall til lands vestan við Straumfjarðará og Baulárvallavatns en Dalur ætti land að Rauðalæk, sem svo er nefndur, *en fyrir þessu geti hann þó ekkert skriflegt löglegt bevís fært*, var bókað við útmælingargjörðina. Síðan virðist hafa verið tekin meðvituð ákvörðun af útmælingarmönnum að ganga á rétt Dals í þessu tilliti við útmælingargjörðina, að því er virðist til að bæta nýbýlinu það upp að fyrir lá beitarítak Staðarstaðarkirkju á Baulárvöllum og því þyrfti nýbýlið meira jarðnaði.

Landamerkjabréf var gert 1887 fyrir umboðsjörðina Dal þar sem meðal annars var lýst merkjum er skarast við það landsvæði sem stefnandi krefst viðurkenningar á sem er norðan og austan Baulárvallavatns, milli Rauðsteinslæks og Straumfjarðará. Undir skjalið rituðu ábúandi Hjarðarfells og umboðsmaður konungs en aðrar jarðir sem lönd áttu að Dal voru í konungseigu. Bréfið mun hafa verið þinglesið og fært í landamerkjabók. Fyrir liggur að eigendur Dals hafa allt frá þessum tíma litið svo á að þeir ættu téð land og hafi ráðstafað því og hagnýtt í samræmi við þá trú. Þannig mun veiðiréttur í Baulárvallavatni hafa verið seldur frá jörðinni 1945 eftir því sem næst verður komist samkvæmt gögnum málsins, en fyrir liggur að eiganda jarðarinnar var veitt heimild til að leysa veiðiréttinn til sín aftur á matsverði ákveðnu af yfirmatsnefnd veiðimála 8. janúar 1980. Eigandi jarðarinnar mun þannig hafa haft arð af veiðirétti fyrir landi Dals samkvæmt landamerkjabréfinu síðustu 42 ár. Sú hagnýting og afstaða eiganda Dals til þessa svæðis breytir því á hinn bóginn ekki að stofnun nýbýlis og útgáfu byggingarbréfs þar að lútandi að Baulárvöllum hefur ekki verið hnekkst og því er eignarréttur stefnanda ótvíræður gagnvart mögulegum afnotarétti eiganda Dals. Úr slíkum óbeinum eignarréttindum verður ekki leyst í máli þessu enda engri slíkri dómkröfu til að dreifa. Verður því krafa stefnanda tekin til greina gagnvart stefnda Dreisam ehf., eiganda jarðarinnar Dals, eins og nánar greinir í dómsorði.

Í málinu er ekki höfð uppi gagnkrafa til sjálfstæðs dóms um óbein eignarréttindi fyrir hönd neins af stefndu sem halda uppi vörnum í málinu, svo sem réttindi til afréttarnota, veiðiréttinda eða til vatnsréttinda sem þeir hafa hagnýtt um árabíl. Ekki eru þannig forsendur til að taka afstöðu til slíks réttar að svo komnu í máli þessu.

Stefnandi hefur í málinu uppi eina viðurkenningarkröfu um það sem hann nefnir rétt landamerki jarðarinnar Baulárvalla. Til að þola dóm í þá veru hefur hann stefnt eigendum átta jarða sem hann telur eiga land að Baulárvallajörðinni. Úr því hefur þegar verið leyst að skilja verði þessa kröfugerð þannig gagnvart hverjum og einum eiganda. Sá hængur

er á hinn bóginn að auðkenni þau sem stefnandi miðar kröfuna við taka einkum mið af upphaflegum heimildum um merki Baulárvallajarðarinnar. Enginn sérstakur gaumur er að því gefinn af hálfu stefnanda að tilgreina merki eða auðkenni, til dæmis með hnitsetningu, þar sem skilur á milli einstakra jarða gagnvart merkjalínu Baulárvallajarðarinnar. Þessi afmörkun sést einungis á landakorti sem er meðal framlagðra dómskjala, sem hafa má til hliðsjónar þar sem landamerkjalinna Baulárvallajarðarinnar er lituð sérstökum lit gagnvart hverri jörð.

Eins og hér sérstaklega stendur á kemur þessi ágalli ekki að sök. Unnt er að taka kröfu stefnanda til greina gagnvart stefndu í samræmi við framangreint, öðrum en eigendum Horns og Selvalla, Eddu og Hildi Thors vegna Horns og Jóni og Ástu Ingunni Thors vegna Selvalla. Þannig er unnt að leggja kröfugerð stefnanda til grundvallar gagnvart eigendum, Hofsstaða, Syðra- og Ytra-Lágafells, Elliða, Hraunsfjarðar og Dals nema andspænis landamerkjum Horns og Selvalla. Þar ræður landamerkjabréf þeirra jarða en skörun merkjana styðst við örnefni sem getið er í landamerkjabréfinu og kröfugerð stefnanda. Vestari skörunin á merkjum Horns og Baulárvalla er þannig í miðju Hraunsfjarðarvatni, austast í vatninu, á markalínu sem getið er í kröfugerð stefnanda, milli þess staðar þar sem Hvanngil fellur í Hraunsfjarðarvatn og liggur þaðan í sjónhendingu yfir Vatnshornið í Útnorðurshorni á Vatnafelli (punktur 12). Austari skörunin er við Rauðalæk, sem svo er nefndur í kröfugerð stefnanda, en samkvæmt gögnum málsins ber lækurinn nú heitið Rauðsteinslækur. Milli þessara tveggja staðsetninga, í miðju Hraunsfjarðarvatni og að Rauðsteinslæk, ber að leggja afmörkun Horns samkvæmt landamerkjaskrá Horns og Selvalla til grundvallar þar sem segir: *þaðan sjónhending í Hraunsfjarðarvatn svo ræður Vatnaá til Baulárvallavatns. Þaðan aftur í Rauðsteinslæk og ræður sá lækur í fjall upp.*

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála þykir rétt að hver aðila um sig beri sinn kostnað af málinu, sem hafa uppi málskostnaðarkröfu, aðrir en stefndu Jón Thors og Ásta Ingunn Thors, eigendur jarðarinnar Selvalla, og stefndu Edda Thors og Hildur Thors, eigendur jarðarinnar Horns, sem rétt þykir að stefnandi greiði málskostnað enda gengur málsókn stefnanda á hendur þeim í berhögg við eigin yfirlýsingu stefnanda frá 27. maí 1889.

Af hálfu stefnanda flutti málið Ólafur Björnsson lögmaður. Af hálfu stefndu Jóns Thors, Ástu Ingunnar Thors, Eddu Thors, Hildar Thors, Eggerts Kjartanssonar, Dreisam

ehf., Múlavirkjunar hf., Magnúsar Elíassonar, Erlu Elíasdóttur og Elíasar Fells Elíassonar flutti málið Guðjón Ármannsson lögmaður.

Önnur stefndu héldu ekki uppi vörnum, þau Borghildur Gunnarsdóttir, Kristján Már Magnússon, Ingibjörg Magnúsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Jóhann M. Kristjánsson, Sveinn Magnússon, Ingibjörg Sveina Þórisdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Svava Guðrún Margrétardóttir, Einar Björn Þórður Þórisson, Sigfús Axfjörð Gunnarsson, Hafdís Lind Hafsteinsdóttir, Jóhanna Borghildur Magnúsdóttir og Birgitte Möhl.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndu Jón Thors og Ásta Ingunn Thors vegna jarðarinnar Selvalla og Edda Thors og Hildur Thors vegna jarðarinnar Horns eru sýkn af kröfum stefnanda.

Viðurkennt er gagnvart stefndu Jóni Thors og Ástu Ingunni Thors, vegna jarðarinnar Hraunsfjarðar, Eggerti Kjartanssyni, Dreisam ehf., Múlavirkjun hf., Magnúsi Elíassyni, Erlu Elíasdóttur, Elíasi Fells Elíassyni, Borghildi Gunnarsdóttur, Kristjáni Má Magnússyni, Ingibjörgu Magnúsdóttur, Helgu Guðjónsdóttur, Jóhanni M. Kristjánssyni, Sveini Magnússyni, Ingibjörgu Sveinu Þórisdóttur, Ingibjörgu Þórðardóttur, Svövu Guðrúnu Margrétardóttur, Einari Birni Þórði Þórisyni, Sigfúsi Axfjörð Gunnarssyni, Hafdís Lind Hafsteinsdóttur, Jóhönnu Borghildi Magnúsdóttur og Birgitte Möhl að landamerki jarðarinnar Baulárvalla, í Eyja- og Miklaholtshreppi, gagnvart aðliggjandi jörðum, eru samkvæmt útmælingargjörð fyrir nýbýlið Baulárvelli frá 7. júlí 1823 og lögfestu Arnfinns Arnfinnssonar frá 1847 með eftirfarandi hætti:

Í landsuður ræður Urðarmúlahorn, (punktur 1) sem næst skagar Straumfjarðará, og eftir sem brún hans (Urðarmúla) ræður (punktur 2-5), til stefnunnar á klettahnúk er kallast Stakkur, sem er í hádegisstað frá bænum (punktur 6). Þaðan í vestur í vörðu þá, sem stendur á borg þeirri er nú kallast Söðulsborg (punktur 7). Þaðan í einstakan stóran stein, sem stendur á landsuðursíðu Norðurmúla (Moldarmúla) (punktur 8). Þaðan sjónhending vestur á efstu fossa (punktur 9), sem falla frá fjöllum, í austari Breiðadalsbotna. Þaðan í vörðu, sem stendur á klettaborg, kippkorn fyrir austan Hvanngil (punktur 10), og svo í gilið (punktur 11). Síðan ræður Hvanngil, sem rennur ofan eftir svokölluðum Austari-Breiðdal, landi í vesturátt, uns það fellur í Hraunsfjarðarvatn. Þaðan ræður sjónhending yfir Vatnshornið í Útnorðurshorn á Vatnafelli (punktur 12) en landamerki Baulárvalla ná

í mitt Hraunsfjarðarvatn eftir nefndri sjónhendingu, þaðan í austur samkvæmt landamerkjaskrá Horns og Selvalla, eftir Vatnaá til Baulárvallavatns. Þaðan í Rauðsteinslæk (Rauðalæk) og ræður sá lækur í fjall upp. Þaðan ræður kröfugerð stefnanda samkvæmt útmælingargjörð og lögfestu austur eftir Vatnamýrabrekkum í Stóru-Vörðu (punktur 16), sem stendur á brekknabrúninni, þar sem fyrst hallar vötnum til landsuðurs, ofan að Dugfúsdal, og svo úr téðri vörðu sjónhending til suðurs í fyrstnefnt Urðarmúlahorn (punktur 1). Á öllum frammanefndum örnefnum eru vörður hlaðnar.

Stefnandi greiði stefndu Jóni Thors og Ástu Ingunni Thors sameiginlega 400.000 krónur og Eddu Thors og Hildi Thors sameiginlega 400.000 krónur í málskostnað. Málskostnaður fellur að öðru leyti niður.

Björn L. Bergsson